



SKOÐUN Hinsegin dagar eiga að vera okkur hvatning til að breyta alla daga ársins, skrifar Sóley Tómasdóttir. **18**



MENNING Guðný Lára Thorarensen fékk vinnu hjá stærsta dreifingaraðila tónlistar í Bretlandi. **38**



SPORT Birgir Leifur vann Einvígið á Nesinu í annað sinn á ferlinum. Bráðabana þurfti til. **32**

FARTÖLVUBÆKLINGUR

FYLGIR
BLAÐINU
Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

6. ágúst 2013
182. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Víkingafjölskylda

Fjölskylda frá Danmörku bjó á landnámsbænum á Eiríksstöðum við langeld og gekk um í sauðskinnsskóm. Heimili hennar í Danmörku er hálfgerður víkingabær. **6**

Sagði til félaganna Íslenskur höfuðpaur í stóru fíkniefnamáli í Danmörku sagði til annarra sakborninga í skiptum fyrir vægari refsingu. Þetta kom fram í réttarhöldum sem hófust í Kaupmannahöfn í gær. **2**

Sláandi niðurstöður Refir sem lifa við sjó á Íslandi mælast með tíu sinnum meira af kvikasilfri en refir sem lifa inni í landi. Sláandi niðurstöður að mati forstöðumanns Melrakkaseturs. **8**



Bolungarvík	9°	NA	3
Akureyri	7°	N	3
Egilsstaðir	7°	NV	4
Kirkjubæjarkl.	10°	SA	2
Reykjavík	11°	NA	3

Bjart 5- og V-til og dregur frá N-lands síðdegis. Dálftíl væta NA-lands. Fremur hægur vindur víða en strekkingur NA-til framan af degi. Hiti 5-15 stig. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Bílaþvottur & bón | Fasteignir | Fólk



HRÍFANDI!
Ærlegi lærlingurinn

Eftir höfund metsöluþókarinnar Viltu vinna milljarð?

www.forlagid.is
— alvöru bókaútdráttur á netinu



FLUGVÉLIN GJÖRÓNÝT Hluti flugvélarinnar hafnaði langt utan kappakstursbrautarinnar. Hér má sjá viðbragðsaðila, meðal annars slökkviliðsmenn, skoða vettvanginn. Á innfelli myndinni, sem sjónarvottur tók, má sjá stél vélarinnar, sem varð eftir á brautinni. MYND/BALDVIN PEYR

Tveir látnir og tugir í áfalli eftir flugslys

Tveir menn fórust þegar sjúkraflugvél brotlenti á kappakstursbraut á Akureyri í gær. Fjöldi vitna varð að slysinu og um sjötíu manns fengu áfallahjálp á eftir. Það rigndi flugvélapörtum, segir vitni. Ekkert hefur verið gefið upp um orsök slyssins.

SLYS Tveir menn fórust þegar tveggja hreyfla sjúkraflugvél frá flugfélaginu Mýflugi brotlenti á kappakstursbraut við Hlíðarfjall skammt utan við Akureyri eftir hádegi í gær.

Vélin var að koma úr sjúkraflugi til Reykjavíkur. Þrír voru um borð í henni, tveir flugmenn og sjúkraflutningamaður. Annar flugmannanna og sjúkraflutningamaðurinn létust en hinn flugmaðurinn komst lífs af og slasaðist ekki lífshættulega. Líðan hans var í gær sögð eftir atvikum. Hinir látnu eru báðir Akureyringar á fertugsaldri en ekki er unnt að nafngreina þá að svo stöddu.

Fjöldi fólks var saman kominn við akstursþróttabrautina í gær þar sem Bílaklúbbur Akureyrar hugðist standa fyrir götuspyrnukeppni sem átti að hefjast klukkan tvö. Slysið varð hálf tíma fyrr og urðu margir vitni að því.

Rauði krossinn stóð fyrir áfallahjálp í Glerárkirkju fyrir vitni og aðstandendur. Um sjötíu einstaklingum var sinnt og sagði forsvarsmaður Rauða krossins þetta stærstu aðgerð í áráraðir.

Einn þeirra er Axel Darri Þórhallsson, sem var að gera sig tilbúinn fyrir þátttöku í keppninni.



KORT AF SVÆÐINU Á kortinu má sjá hvar vélin brotlenti, við rætur Hlíðarfjalls, skammt sunnan hesthúsa-hverfisins við Lögmannshlíð. GRAFIK/GARÐAR

„Þetta var svo óraunverulegt. Ég stóð alveg grafkyrr og horfði á þetta gerast. Það var ekki fyrr en ég fann hitann frá sprengingunni að ég tók viðbragð og hljóp í burtu. Þá rigndi flugvélapörtum, allt frá litlum boltum upp í hluti sem eru á stærð við bílhurðir,“ segir Axel. Hann segir það kraftaverk að stykki úr vélinni hafi ekki lent á fólki.

Sigurður Bjarni Jónsson, flugöryggisfulltrúi Mýflugs, segir


13.28 Slysið varð klukkan 13.28, hálf tíma áður en götuspyrnukeppni átti að fara fram á brautinni.

atvikið það versta í sögu flugfélagsins. Nú sé ekki aðalatriðið hvað hafi farið úrskeiðis heldur þurfi félagið að hlúa að sínu fólki.

- le, nej, sh / sjá síðu 10

Kraftaverk að maðurinn lifi

„Tími kraftaverkanna er ekki enn liðinn,“ segir Daníel Guðjónsson, yfirlöggregluþjónn á Akureyri, um þá staðreynd að einn úr áhöfn flugvélarinnar hafi lifað slysið af og ekki einu sinni slasast lífshættulega.



DANÍEL GUÐJÓNSSON

KASTANÍA
HÖFÐATORG

40%
af völdum
vörum

Opíð mán - fös 11-18 lau 12-16
S. 577-5570 | Erum á facebook

SPURNING DAGSINS



Diljá, voru nokkrir fylpúkar á Innipúkanum?

„Nei, fólk var almennt vellyktandi á Innipúkanum.“

Diljá Ámundadóttir kom að skipulagningu tónlistarhátíðarinnar Innipúkans sem fram fór í Reykjavík um helgina.

Töluverður erill var í Eyjum en að sögn varðstjóra fór Þjóðhátíð vel fram miðað við fjölda hátíðargesta: Ein nauðgunarkæra og 49 fíkniefnamál

SKEMMTUN Þjóðhátíð í Eyjum gekk stórslysaust fyrir sig að mati Jóns Braga Arnarsonar, varðstjóra í Eyjum. „Þó að það hafi verið töluverður erill þá fór þetta vel fram miðað við fjöldann sem var að skemmta sér,“ segir hann.

Talið er að fimmtán þúsund manns hafi tekið undir með Ingólfi Þórarinssyni Védurguði í brekkusöngnum í gær. Hann stjórnaði brekkusöngnum í fyrsta sinn í ár en það vakti töluverða athygli í aðdraganda hátíðarinnar þar sem

Árni Johnsen, fyrrverandi þingmaður, hefur verið brekkusöngstjóri nær sleitulaust síðan árið 1977. Hann hvarf þó ekki alveg af sjónarsviðinu heldur steig á svið eftir brekkusönginn, gestum að övrum, og söng þjóðsönginn.

Hátíðinni, sem hófst á fimmtudag, lauk í gær. Gekk vel að flytja fólk í land að sögn varðstjórans. Fíkniefnamál hátíðarinnar í ár voru 49 talsins, þar af tvö stærri mál þar sem hald var lagt á um 30 grömm af amfetamíni. Ein

nauðgunarkæra kom upp á hátíðinni, en fertugur maður var handtekinn eftir að stúlka kvað hann hafa neytt sig til munnmaka.

„Engin alvarleg líkamsárás var kærð,“ sagði Jón Bragi. Þó hafa tvær minniháttar árásir verið kærðar.

- ne

BIÐIN LÖNG Flestir gesta hátíðarinnar ferðuust heim með Herjólfri. Mörg hundruð manna biðröð var í bátinn á Básaskersbryggju síðdegis í gær.

MYND/ÓSKAR PÉTUR FRÍDRÍKSSON



ENGIN HÆTTA Starfsfólk var fljótt að bregðast við og staðurinn var rýmdur á þremur sekúndum.

Purftu að rjúfa þakið á veitingastaðnum:

Kviknaði í Saffran

Eldur kom upp í háfi á veitingastaðnum Saffran á N1-bensinstöðinni á Ártúnshöfða í gærmorgun.

Dælubíll, körfubíll og sjúkrabíll voru sendir á staðinn og þurfti slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu að rjúfa þakið á bensinstöðinni. Starfsfólk staðarins var fljótt að bregðast við en töluverður reykur myndaðist. Slökkviliðinu gekk þó vel að slökkva eldinn.

„Það var enginn hættu. Við sáum þetta fljótt og rýmdum staðinn á þremur sekúndum,“ segir Gunnar Emil, veitingahússtjóri hjá Saffran.

Sendiráð áfram lokuð:

Árás yfirvofandi

BANDARÍKIN Bandaríska utanríkisráðuneytið tilkynnti á sunnudag að 21 sendiráð og ræðismannaskrifstofur í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum yrðu lokuð fram á laugardag. Lokanirnar er gerðar í öryggisskyni, en nýjar upplýsingar frá leyniþjónustu Bandaríkjamanna benda til þess að Al-Kaída gæti gæti gert árás á sendiráðin.

- sm

Minningarblað um Jóhannes

Aðstandendur Jóhannesar Jónssonar kaupmanns gefa út minningarblað með Fréttablaðinu miðvikudaginn næstkomandi. Þeim sem skila vilja minningargreinum er bent á að senda inn á minning@365.is fyrir kl. 13 í dag.

Réttarhöldum lokið:

Dæmdur í ævilangt fangelsi

TYRKLAND Tyrkneskur hershöfðingi, Ilker Basbug, var dæmdur í ævilangt fangelsi á sunnudag. Basbug var í hópi tólf einstaklinga sem fundnir voru sekir um að hafa lagt á ráðin um að steypa ríkisstjórn Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, af stóli.



TAYYIP ERDOGAN

Á þriðja hundrað manns voru ákærðir í málinu og stóðu réttarhöldin yfir í fimm ár. Í hópi ákærðu voru hermenn, lögfræðingar, rithöfundar og blaðamenn.

Andstæðingar Erdogans hafa sakað hann um að setja réttarhöldin á svið í þeim tilgangi að losa sig við andstæðinga sína.

- sm

Sagði til hinna til að fá sjálfur vægari dóm

Íslenskur höfuðpaur í stóru fíkniefnamáli í Danmörku sagði til annarra sakborninga í skiptum fyrir vægari refsingu. Þetta kom fram í réttarhöldum sem hófust í Kaupmannahöfn í gær. Ellefu menn, þar af sjö Íslendingar, voru ákærðir í málinu.

Fríða Garðarsdóttir

skrifar frá Kaupmannahöfn



Guðmundur Ingi Þóroddsson, 39 ára höfuðpaur í risavöxnu amfetamínsmyglmáli sem kom upp í Danmörku í fyrra, sagði til annarra sakborninga í málinu til að fá sjálfur vægari refsingu. Þetta kom fram við upphaf réttarhaldanna í málinu í Kaupmannahöfn í gær.

Málið varðar smygl á um sjöttu kílóum af amfetamíni frá Hollandi til Danmerkur í þremur ferðum árin 2011 og 2012. Guðmundur var í júní dæmdur í tólf ára fangelsi fyrir sinn þátt í málinu. Fyrir dómnum í gær kom fram að hann hafi staðið frammi fyrir fjórtán ára fangelsisdómi en samvinnan hafi haft mildandi áhrif á dóminn.

Saksóknarinn í málinu, Frederik Larsen, lagði ríka áherslu á alvarleika brotanna. Leiðangrarnir hafi verið þaulskipulagðir og ákærðu hafi haft jafnt fjárhagslega burði og sambönd til þess að versla með mjög stóra skammta af eitrylfjum í hverri ferð.

Tveir sakborningar játuðu aðild sína að málinu þegar þeir voru leiddir fyrir dómara í dómshúsinu við Nýjatorg í gær. Þeir eru báðir Íslendingar og viðurkenndu að hafa farið í nokkrar smyglferðir frá Hollandi til Danmerkur að undirlagi Guðmundar Inga. Þeir höfðu áður neitað sök en líklegt mál telja að upplýsingar sem Guðmundur Ingi veitti hafi ýtt undir að mennirnir játuðu.

Annar mannanna er á þrjúgaldri, búsettur í Kaupmannahöfn og kvæntur danskri konu. Í ágúst



VEL FALID Guðmundur Ingi Þóroddsson er talinn hafa staðið á bak við smyglið. Þessa mynd lét danska lögreglan frá sér af amfetamíninu földu í bíl.

2012 var hann dæmdur í átta ára fangelsi fyrir að smygla fimm kílóum af amfetamíni til Danmerkur frá Englandi. Hann hefur nú einnig gengist við því að hafa sótt 27 kg af amfetamíni í Hollandi og flutt til Danmerkur í nóvember 2011 fyrir Guðmund Inga. Átti hann að fá greiddar 50 þúsund danskar krónur fyrir. Saksóknari fer fram á tveggja ára fangelsi yfir honum nú, til viðbótar við átta ára dóminn.

Hinn maðurinn er fimmtugur og búsettur á Íslandi. Hann fór tvær ferðir til Hollands á vegum Guðmundar Inga. Hlutverk hans var að vara við ef tollgæsla væri við landamærin. Fyrri ferðina fór hann í ágúst 2012 og átti að fá 50

70 kílóum af amfetamíni var smyglað frá Hollandi til Danmerkur í þremur sendingum.

þúsund danskar krónur greiddar fyrir. Saksóknari fer fram á tíu ára dóm yfir honum.

Gera má ráð fyrir einhverri mildun refsingar vegna þess að mennirnir hafa játað. Dómur verður kveðinn upp í fyrramálið. Í framhaldinu hefst síðan aðalmeðferð yfir þeim sjö sakborningum sem enn neita sök. Gert er ráð fyrir að þeim málaferlum ljúki 20. september.

Tvær pólskar stúlkur létu lífið á Suðurlandsvegi þegar bíll valt út af veginum:

Unglingsstúlkur fórust í bílslysi

SLYS Tvær pólskar stúlkur, 15 og 16 ára, létust í umferðarslysi á Suðurlandsvegi, skammt austan við Meðallandsveg, um þrjúleytið á sunnudag. Lífgunartilraunir sem vegfarendur hófu báru ekki árangur og voru stúlkurnar úrskurðaðar látnar á vettvangi.

Tveir aðrir voru í bifreiðinni, ökumaður og farþegi í framsæti, og voru þau flutt með þyrlum Landhelgisgæslunnar á slysadeild Landspítalans. Þau eru ekki talin í lífs-hættu.

Bifreiðin sem fólkíð var í fór út af veginum og fór nokkrar veltur þar til bíllinn endaði á hvolvi. Stúlkurnar sem létust köstuðust út úr bílnum, en talið er að þær hafi ekki verið í belti.

Mikill viðbúnaður var vegna slyssins og komu lögreglumenn frá lögreglunni á Hvolsvelli og lögreglu-



ALVARLEGT UMFERÐAR-SLYS Slysið átti sér stað á Suðurlandsvegi, skammt austan við Meðallandsveg.

maður frá rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi á vettvang ásamt sérfræðingi í bíltæknirannsóknnum.

Slökkvilið frá Vík og Kirkjubæjarklaustri komu á vettvang, þar sem eldur kviknaði í bifreiðinni, en einnig komu sjúkrabílar frá ofangreindum bæjarfélögum til að hlúa að fólkinu.

Rannsókn á tildrögum slyssins stendur enn yfir, en rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi fer með hana í samvinnu við lögregluna á Hvolsvelli.

Fólkið er allt pólskir ríkisborgarar en stúlkurnar sem létust voru gestkomandi á Íslandi.

- kh, le

Það sem eyru þín þrjá

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Fáðu 4G í farsímamann hjá Nova!

Nova og Samsung kynna fyrst fyrirtækja
á Íslandi 4G þjónustu í farsíma.

Samsung Galaxy S4 **Tilboð!**

99.990 kr. stgr.

5.990 kr./18 mán.

**1 GB á mánuði í 12 mánuði
fylgir Samsung Galaxy S4!**

0 kr.
í alla hjá
Nova!

4G

10x
meiri hraði
en 3G!

Veldu leiðina
sem hentar þér
best og komdu
yfir til Nova!

0 kr.
Nova
í Nova

1.000 mínútur
500 SMS/MMS

**Súper
Nova
500**

500 mínútur
500 SMS/MMS

2.990 kr./mán.

**Súper
Nova
1.000**

1.000 mínútur
1.000 SMS/MMS

4.990 kr./mán.

**Súper
Nova
5.000**

5.000 mínútur
5.000 SMS/MMS

8.990 kr./mán.

0 kr.
í alla farsíma
og heimasíma
á Íslandi!

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

SVONA ERUM VIÐ



61 atvinnuleikhópur starfaði á Íslandi á leikárinu 2012/2013.

Samtals settu hóparnir upp 91 leiksýningu og fóru í sex leikferðir innanlands.

Nýsjálendingar fara nýja leið í baráttunni við tilbúin fíkniefni:

Verða að standast læknisfræðilegar kröfur

NÝJA-SJÁLAND, AP Ný fíkniefnalöggjöf sem tók gildi á Nýja-Sjálandi í síðasta mánuði hefur vakið nokkra athygli á heimsvísu. Í staðinn fyrir að banna nýjar tegundir fíkniefna eru gerðar kröfur til þess að þau standist læknisfræðilegar kröfur.

Stjórnvöld víða um heim hafa átt í höggi við nýjar tegundir fíkniefna, sem búnar eru til með svipuðum aðferðum og ný lyf.

Nýsjálandsku reglurnar kveða

á um að standist þessi fíkniefni sömu kröfur og gerðar eru til nýrra lyfja, þá verður leyflegt að selja þau. Framleiðendur verða að geta sýnt fram á að þau séu laus við alvarlegar aukaverkanir, og þar á meðal mega þau ekki vera ávanabindandi. Þá verður að sýna fram á að framleiðslan standist hreinlætiskröfur og að í söluferlinu sé allt uppi á yfirborðinu.

Vímuáhrifin ein og sér koma þannig ekki í veg fyrir að leyft

verði að hafa þau til sölu, en þó verða þau að vera merkt með viðvörðunum, eins og um að ekki megi aka bifreið eftir að þeirra hefur verið neytt.

Peter Dunne, einn nýsjálandsku þingmannanna sem stóðu að frumvarpinu, segir að hjá Sameinuðu þjóðunum hafi hann fundið fyrir miklum áhuga annarra ríkja: „Ungverjar, Írar, Bretar... þeir vilja allir fá að vita hvað við erum að gera.“

- gb



NÝJAR TEGUNDIR FÍKNIEFNA Þingjafi Nýja-Sjálandi leyfir sölu þeirra, standist þau sömu kröfur og gerðar eru til nýrra lyfja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Staddur á strönd í Danmörku: Íslenskur drengur brenndist

DANMÖRK Eins og hálf árs gamall íslenskur drengur brenndist illa í danska bænum Tarbæk í gær. Drengurinn var staddur á strönd ásamt foreldrum sínum og systur á Norður-Sjálandi.

Faðir drengsins segir í samtali við danska blaðið Extra-bladet að augljóst sé að varðeldur hafi verið kveiktur á sandinum kvöldið áður og að sandinum hafi síðan verið mokað yfir leifar bálsins.

Drengurinn gekk út á sandinn þar sem mikill hiti leyndist sem gerði það að verkum að drengurinn brenndist illa á fótum og annarri hendinni.

Drengurinn var fluttur á spítala, þar sem hann þarf að dvelja í tíu daga hið minnsta.

- grv

Akstur undir vímuáhrifum: Áfengi verst fyrir öikumenn

VÍSINDI Mestar líkur eru á að slasast alvarlega í bílslysi ef ekið er undir áhrifum áfengis í stórum skömmtum í samanburði við aðra vímujúga.

Þetta er niðurstaða rannsóknar sem framkvæmd var af vísindamönnum við Kaupmannahafnarháskóla.

Áfengismagn í blóði undir hálfu prómilli, kókaín og ýmis óþímskyld lyf höfðu engin mælanleg áhrif á slyshættu við akstur samkvæmt rannsókninni.

Þá mældist aukning á slyshættu við akstur undir áhrifum ýmissa svefnlyfja og kannabisefna lítil.

- js

Láta reyna á sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum

Bæjarráð Vesturbyggðar hefur óskað eftir viðræðum við Tálknafjörð um sameiningu sveitarfélaganna. Bæjarsjóri Vesturbyggðar segir eðlilegt að skoða þessi mál í ljósi aukinnar samvinnu og uppgangs. Tálknfirðingar taka málið fyrir í haust. Áhugi á að efla sveitarfélögin og bjóða íbúum upp á betri þjónustu.

STJÓRNSÝSLA Bæjaryfirvöld í Vesturbyggð vilja hefja viðræður við Tálknafjarðarhrepp um sameiningu sveitarfélaga með það að markmiði að kosið verði um sameininguna í sveitarstjórnarkosningum á næsta ári. Bæjarráð Vesturbyggðar óskaði á síðasta fundi sínum eftir formlegum viðræðum við hreppsnefnd Tálknafjarðar um málið.

Vesturbyggð varð til með sameiningu Patreksfjarðar-, Bíldudals-, Barðastrandar- og Rauðasandshrepps árið 1994, en árið áður höfðu íbúar Tálknafjarðar hafnað sameiningu í kosningum og þeir gerðu slíkt hið sama áður en sameining Vesturbyggðar gekk í gegn. Árið 2005 var enn á ný kosið og höfnuðu bæði Tálknfirðingar og íbúar Vesturbyggðar sameiningarformum.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarsjóri Vesturbyggðar, segir að síðustu ár hafi samstarf milli sveitarfélaganna aukist til muna, meðal annars á sviðum félags- og skipulagsmála.

„Í ljósi þess og þeirrar uppbyggingar sem er að verða hér á sunnanverðum Vestfjörðum er bara eðlilegt að skoða þennan valkost,“ segir hún og bætir við aðspurð að hugur fólks á svæðinu standi til enn frekara samstarfs.

„Já, ekki spurning. Þetta gengur allt út á það að efla bæði sveitarfélögin og bjóða upp á betri þjónustu við íbúana.“

Rekstur Vesturbyggðar gekk lengi illa en viðsnúningur hefur verið síðustu árin, sem Ásthildur



EYVÍN INGIBJÖRG SÆÞÓRSDÓTTIR



ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR

segist aðspurð trú á að muni skipta máli í sameiningarþreifingum.

„Já, vafalaust. Við teljum okkur vera orðin sjálfbær í rekstri og sveitarfélagið er sífellt að verða öflugra og tekjugrunnurinn sterkari með öflugra atvinnulífi.“

Eyvín Ingibjörg Sæþórsdóttir, oddviti hreppsnefndar í Tálknafirði, segir að hreppsnefndin komi ekki saman fyrr en í september og fyrr verði ekki tekin formleg afstaða til óskarinna.


„Þetta hefur komið til tals annað slag á samráðsfundum sveitarfélaganna, en mín persónulega skoðun í þessum efnum er að við eigum ekki að hreyfa við neinu nema við höfum íbúana að baki okkur.“

Eyvín segir að íbúabýing verði haldið í bænum í haust og þar muni sameining sveitarfélaganna eflaust koma til tals.

„En samtál er til alls fyrst, og það er aldrei slæmt að ræða saman um þessa hluti. Við eigum mikið samstarf á mörgum sviðum og framhaldið þarf að vera og meta á hlutlægum hátt.“

thorgils@frettabladid.is

SVEITARFÉLÖGIN Í TÖLUM



Hvetja til sameiningar og samrekstrar

Frá árinu 1950 hefur sveitarfélögum á Íslandi fækkað úr 229 í 74, og stjórnvöld hafa oft haft frumkvæði að frekari sameiningu. Að sögn Jóhannesar Tómassonar, upplýsingafulltrúa innanríkisráðuneytisins, hefur ráðuneytið litla aðkomu að þessum málum nú sem stendur.

„Við höfum hvatt til þess að einingarnar verði stækkaðar því margar af þessum einingum eru svo litlar að þær væru oft betur komnar með því að sameinast að fullu eða sameinast um ýmis verkefni. Sveitarfélögum er svo í sjálfsvald sett hvernig þau haga þessum málum.“

HAGKVÆMNI OFAR HREPPARÍG

Sameiningar sveitarfélaganna snúast ekki einvörðungu um hagkvæmni og samlegðaráhrif heldur spila óræðari hlutir einnig inn í þá jöfnu. Ásthildur segist þó ekki trú á því að málin muni stranda á gamalgrónum hrepparíg.

„Nei. Hér á svæðinu býr þroskað fólk sem veit hvað er samfélaginu fyrir bestu. Það eru auðvitað mismunandi skoðanir á sameiningu, en hér eru allir sammála um að byggja upp samfélagið.“



Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

HLÝNAR NA-TIL á morgun, þegar vindur snýst í S-átt. Bjart S- og V-til í dag en fer að rigna á morgun. Rigning með köflum á fimmtudag en þurrast að kalla NA-til. Hiti 8-16 stig að deginum.

Alicante 32°	Bíllund 25°	Gautaborg 26°	London 24°	Orlando 31°	San Francisco 17°
Basel 33°	Frankfurt 31°	Kaupmannahöfn 26°	Mallorca 36°	Oslo 22°	Stokkhólmur 22°
Berlín 33°	Friedrichshafen 32°	Las Palmas 27°	New York 25°	París 26°	

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!

30% - 50% AFSL. AF HÚSGÖGNUM
15% AFSL. AF ALLRI GJAFAVÖRU



HEIMA HÚSIÐ

VIÐ ERUM Á FACEBOOK 

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hverjum er vart viðbjargandi að mati Óttars Guðmundssonar geðlæknis?
2. Hvaða námi þurfti kærasti Sigríðar Maríu Egilsdóttur, ræðumanns Íslands, að fórna fyrir ástina?
3. Hvað kemur í veg fyrir kvíða hjá börnum samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var í háskóla í New York?

SVÖR
Samhætt með köttum
1. Sjúklyfningum 2. Kápslökunarsvæðum 3.

Hæstánægðir forsvarsmenn þriggja stórra útihátíða segja allt hafa gengið áfallalaust fyrir sig:

Hörkustuð á útihátíðum helgarinnar

SKEMMTUN „Hér var hörkustuð,“ segir Jón Páll Hreinsson, mýrarfláki og forsvarsmáður mýraboltans á Ísafirði.

Hann er mjög ánægður með hversu vel gestir hátíðarinnar höguðu sér. „Lögreglan er mjög sátt við helgina og einnig forstöðukonur Sólstaða, systrasamtaka Stígamóta,“ segir mýrarflákinn. Að hans sögn var mikil áhersla lögð á forvarnastarf gegn kynferðisofbeldi á hátíðinni. „Það virðist hafa skilað sér til gestanna

eftir því sem ég best veit.“ Fjöldi gesta á hátíðinni hefur aldrei verið fleiri og voru 104 skráð til leiks í Evrópu-meistarátönu í mýrabolta.

Rúnar Freyr Gíslason, framkvæmdastjóri Eðrúhátíðar SÁÁ sem haldin var í Laugalandi yfir helgina, hefur sömu sögu að segja.

„Hér var enginn á bömmur eftir helgina,“ segir hann. „Allt fór áfallalaust fram. Einu atvikin sem komu upp voru að drengur tognadi í leiktækjum á svæðinu og

smár hundur meiddist lítillaga,“ útskýrir Rúnar.

„Eftir hátíð sem þessa er maður himinlifandi með að þetta séu einu tilvikin. Hér var enginn þjófnaður og ekkert ofbeldi.“

Fjölskylduhátíðin Ein með öllu á Akureyri tókst heilt yfir mjög vel að sögn forsvarsmanns hennar, Páls Guðjónssonar. „Það verður þó að við-urkennast að veðrið var ekki nógu gott. Það setti strik í reikninginn.“ Hann segir þó að viðburðir hátíðarinnar hafi verið vel sóttir. - nej



DRULLUGIR GESTIR „Það er gaman að segja frá því að þegar við höldum hátíðina fyrst, fyrir tíu árum, voru fjögur lið skráð til leiks,“ segir Jón Páll, forsvarsmáður mýraboltans á Ísafirði.

MYND/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR



ÚTILEGA Svefn í tjaldi og útvíst að degi getur bætt svefnvenjur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Líkamsklukkan stillt: Tjaldútilega bætir svefn

VÍSINDI Vísindamenn við University of Colorado í Boulder í Bandaríkjunum sendu sex karla og tvær konur í vikulanga útilegu í Klettafjöllum. Í frétt á vefnum forskning.no segir að líkamsklukka þeirra hafi þar með orðið eðlilegri.

Svefnhormónið melatónín jókst hjá þátttakendum fyrr á kvöldin í útilegunni en þegar þeir voru heima, en minnkaði áður en þeir vöknudu. Heima var hormónið enn mikið löngu eftir að vekjarklukkan hringdi.

Bannað var að nota vasaljós og snjallsíma á kvöldin í útilegunni. - ibs

Tæplega 900 gestir á viku: Gestafjöldamet sett í Selárlaug

FERÐAÞJÓNUSTA Met var sett í gestafjölda í hina landsþekktu Selárlaug í Vopnafjarðarhreppi vikuna 22. til 28. júlí. Gestir sem sóttu laugina voru samtals 879 talsins. Ólafur Valgeirsson sundlaugarstjóri segir fjölda gesta aðeins einu sinni áður hafa farið yfir 800, það var í sömu viku árið 2011.

Hann hefur starfað við laugina í 22 sumur og segir að almennt hafi umgengni verið góð við laugina í sumar. - nej



ALELDA Slökkviliðsmenn gátu lítið gert til þess að bjarga skúrnum.

Eldur í bænum Skálatanga: Skúrinn brann til grunna

BRUNI Skúr brann til grunna á bænum Skálatanga við Innra-Hólmsveg í Hvalfjarðarsveit aðfaranótt sunnudags. Enginn var á bænum þegar eldsins varð vart en vegfarandi sem átti leið hjá hringdi í Neyðarlínuna. Þegar slökkviliðsmenn komu á staðinn var skúrinn alelda og lítið var hægt að gera til að bjarga honum. Þetta segir Valdimar Sólbergsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar, í samtali við Skessuhorn. Að hans sögn var ekkert rafmagn á skúrnum. Slökkvistarf tók um tvö tíma.

Unnið er að rannsókn á til-drögum slyssins. - nej

Njónsamningi slitið:

Bregðast við uppljóstrunum

PÝSKALAND, AP Þýsk stjórnvöld hafa slitið samningi við Breta og Bandaríkjamenn um njónsamstarf. Samningurinn var gerður á tímum Kalda stríðsins.

Þetta eru viðbrögð Þjóðverja við uppljóstrunum Edwards Snowden um að leyfiþjónustur Breta og Bandaríkjanna fylgist með síma- og netsamskiptum einstaklinga í stórum stíl.

Samningsslitin hafa þó lítið raunhæft gildi, en stutt er í þingkosningar í Þýskalandi og njónsamningur Angelu Merkel nokkrum vandræðum. - gb



VÍKINGAFJÖLSKYLDA Zhemke-fjölskyldan dvaldi í landnámsbænum í Haukadál.

Eiríkur rauði sækir Eiríksstaði heim á ný

Fjölskylda frá Danmörku hefur sett víkingalegan svip á lífið í Dölum og víðar undanfarin ár. Þau bjuggu á landnámsbænum á Eiríksstöðum við langeld og gengu um í sauðskinnsskóm. Heimili þeirra í Danmörku er hálfgerður víkingabær.

SAMFÉLAGSMÁL Við Íslendingar teljum okkur meðvitaða um fornmenningu okkar en þeir sem hitta Zhemke-fjölskylduna fyrir á góðum degi kynnu að draga þá ályktun í efa.

Húsbóndinn Eric var áður rauðskeggjaður og því lá viðurnefnið beint við. Nú hefur hann fyrir löngu tekið að sér hlutverk þessa landnámsmanns og Bodil kona hans og sonurinn Thorvald fá sitt hlutverkið hvor.

Það er ekki nóg með að hann þekki Eiríks sögu rauða eins og handarbakið á sér heldur bjó fjölskyldan á Eiríksstöðum um tveggja vikna skeið, árin 2000 og 2003, við svipaðar aðstæður og landnámsfólkið. Það var enginn afsláttur gefinn af þeirri upplifun og klæðaburður og matur voru með miðaldasniði.

Thorvald, sonur þeirra hjóna, fæddist inn í víkingahlutverkið. Hann hefur frá unga aldri fengið að sofa við langeld, ganga um á sauðskinnsskóm og snúa grillandi lambaskrokki yfir eldi á þessum pílagrímsferðum for-eldra sinna.

Eric er þýskur, Bodil er dönsk og fjölskyldan býr í Danmörku en eins og gefur að skilja er ekki um að ræða blokk í úthverfi Kaupmannahafnar. Heimili þeirra hjóna er hálfgerður víkingabær á afskekktum stað á Sjálandi. Þar er mikið virki með háan turn og margir munir sem voru notaðir á miðöldum. Þar eru líka góð aðstaða til funda, námskeiða og veisluhalda, sem að sjálfsgöðu er í miðaldastíl.

„Ég er náttúrlega alinn upp í þessu umhverfi þannig að fyrir mig er þetta ósköp eðlilegt en ég var ekki hár í loftinu þegar ég



Á EIRÍKSSTÖÐUM Hér er Sigurður Jökulsson að útskýra fyrir ferðamönnum hvernig lífið var á Eiríksstöðum. Það þekja Eric, Bodil og Thorvald vel á eigin skinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

áttaði mig á því að fólki fannst við ekki vera eins og fólk er flest,“ segir Thorvald, sem eins og lesnir menn hafa örugglega áttað sig á, heitir eftir syni Eiríks rauða og bróður Leifs.

Hann segist einskis hafa sakað þegar hann dvaldi á Eiríksstöðum við miðaldaadstæður.

Thorvald er í listaháskóla og stefnir að því að framleiða tölvuleiki í þrívídd. „Þar munu þessir kappar náttúrlega koma við sögu, svo segja má að pabbi, sem er fornleifafræðingur, dragi þá fram úr forneskjunni en ég mun reyna að koma þeim áleiðis inn í framtíðina.“

Móðir hans leggur áherslu á að þótt stór hluti lífs þeirra sé undir-

lagður miðaldamenningu séu þau ekki alltaf í víkingahlutverkum. „Ég er kennari svo ég get ekki alltaf verið á sauðskinnsskónum. Stundum erum við bara eðlileg,“ segir hún og hlær við.

Eric hefur kennt Íslendingum margt varðandi forfeður okkar, til dæmis hvernig gera eigi sauðskinnsskó og boga líka þeim sem Gunnar á Hlíðarenda hafði þegar Hallgerður neitaði honum um hárlökkinn. Eric fékk blóðtappa fyrir nokkrum árum og skertist máttur hans nokkuð við það. Síðan þá fer hann sér hægur í öllum þessum atgangi en víkingurinn í honum er þó ávallt í öndvegi.

jse@frettabladid.is



Vertu með í kvennaleikfimi



- Þrisvar í viku (4 vikur)
Mán., mið. og fös. kl. 16:30
Hefst 12. ágúst
Þjálfari: Inga María
Verð kr. 15.900.-
- Tvisvar í viku (4 vikur)
Þri. og fim. kl. 10:00. Hefst 13. ágúst
Þjálfari: Árnó Huldur
Verð kr. 13.900.-

Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur.

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is



HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

RISA

ÚTSALA REKKJUNNAR 30-70% AFSLÁTTUR!

**RÝMUM TIL FYRIR
NÝJUM VÖRUM!**

CACHE EURO
Queen Size (153x203 cm)
FULLT VERD 218.435 kr.
**ÚTSÖLUVERD
131.071 kr.**
= 40% AFSLÁTTUR!



STOCKHOLM
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERD 163.600 kr.
**ÚTSÖLUVERD
98.160 kr.**
= 40% AFSLÁTTUR!



DEVINE PLUSH/FIRM
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERD 282.083 kr.
**ÚTSÖLUVERD
141.041 kr.**
= 50% AFSLÁTTUR!



**50 til 70% AFSLÁTTUR
AF SÝNINGAR-
OG SKIPTIRÚMUM**

**BIG
SALE!**

**ÓTRÚLEG
TILBOÐ!**

rekkjan

H E I L S U R Ú M

www.renault.is



SPARNEYTNIR Á GÓÐU VERÐI



RENAULT MEGANE **3,8**
SPORT TOURER 1,5 l, sjálfsk. dísil L/100 KM
Verð: **3.890** þús. kr.



RENAULT CLIO **3,4**
EXPRESSION 1,5 l, beinsk. dísil L/100 KM
Verð: **2.890** þús. kr.



RENAULT SCENIC **4,1**
Beinsk. dísil L/100 KM
Verð: **4.090** þús. kr.
GRAND, 7 MANNA: 4.390 þús. kr.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

Húsvíkingar kaupa bát sem hefur rækjuveiðar á Skjálfanda um næstu helgi: Sjóða rækjuna um borð í bátinum

SJÁVARÚTVEGUR Nýstárlegar rækjuveiðar hefjast í Skjálfanda um næstu helgi, en fyrirtækið Eyrarhóll frá Húsavík hefur keypt sjöttú og fimm tonna bát og búið hann til veiðanna.

Rækjan verður soðin um borð, kæld og svo verður henni pakkað þannig að hún kemur tilbúin til afhendingar í höfn.

Árni Guðmundsson, einn aðstandenda Eyrarhóls, segir hana verða flutta út, aðallega til Svíþjóðar og Noregs.

Opnað var fyrir rækjuveiðar í Skjálfanda á haustmánuðum í fyrra en þá hafði ekki verið veitt þar í tólf ár. Spurður að því hvort reynslan þá hafi gefið tilefni til bjartsýni fyrir mikla veiði í framtíðinni segir Árni að þeir renni nokkuð blint í sjóinn hvað magn varðar. „Við erum svo sem ekki að keyra á magnið, þó vissulega þurfum við ákveðið lágmark, en það verður meira lagt upp úr gæðunum og að þær séu af réttri stærð,“ segir hann.



VIÐ LÖNDUN Þessi innfjarðarrækju úr Arnarfirðinum er hér landað með gamla mátanum. Nú mun hún koma pökkuð til lands á Húsavík.

MYND/JÓN HÁKON ÁGÚSTSSON

Tífalt meira kvikasilfur í refum við sjó

Refir sem lifa við sjó á Íslandi mælast með tíu sinnum meira af kvikasilfri en refir sem lifa inni í landi. Sláandi niðurstöður að mati forstöðumanns Melrakkaseturs, sem segir að stöðva verði frekari kvikasilfursmengun í hafinu.

NÁTTÚRA „Stöðva verður frekari kvikasilfursmengun í hafinu. Það eru ekki bara refir sem lifa á sjávarfangi heldur einnig mannfólkið.“ Þetta segir Ester Rut Unnsteinsdóttir, doktorsnemi í líffræði við Háskóla Íslands og forstöðumaður Melrakkaseturs.

Rannsókn íslenskra og erlendra vísindamanna, sem Ester Rut tók þátt í, leiddi í ljós að refir sem lifa og éta við sjávarsíðuna innbyrða hættulegt magn kvikasilfurs. Niðurstöðurnar verða kynntar á alþjóðlegri refaráðstefnu sem haldin verður á Núpi í Dýrafirði í haust. Þegar hefur verið greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar í grein í vefvísindaritinu PLOS ONE.

„Það reyndist vera allt að tífalt meira magn af kvikasilfri í refum sem lifa við sjó, heldur en þeim sem lifa inni í landi. Refir eru ekki langlífir. Þeir elstu sem við höfum greint voru 11 ára en 80 prósent þeirra sem við rannsökuðum voru á fyrsta ári. Maður átti ekki von á svona miklu magni í svona skammlífum dýrum. Þetta eru sláandi niðurstöður,“ segir Ester Rut.

Hún segir ekki alveg vitað hvaða áhrif kvikasilfrið hefur á lífsafkomu dýranna en grunur leiki á að rekja megi heilsuleysi refa á Mednyi-eyjaklasanum milli Rússlands og Alaska til kvikasilfursmengunar. „Feldurinn á refum þar er ljótur og lífslíkur litlar en refir þar geta ekki leitað sér að fæðu inn til landsins. Stór hluti stofnsins þar er með þessi einkenni. Verið er að skoða hvort finna megi fleiri einkenni sjúkdóma úr sýnum sem tekin voru þar.“

Að sögn Esterar Rutar er útlit refa við sjávarsíðuna hér ekki eins og á Mednyi-eyjum. „Við fáum hins vegar alltaf öðru hverju svokölluð snöddýr, það er að segja hárlausa eða hárlitla refi, til skoðunar. Það hefur verið talið að um sveppasýkingu sé að ræða en ég hef áhuga á að



Á MELRAKKASETRI Ester Rut Unnsteinsdóttir fræðir börn um refi og lífnaðarhætti þeirra.

MYND/MELRAKKASETUR



MELRAKKI Þessi rebbi býr á Hornbjargi. Helsta fæða refa á því svæði er sjófuglar og önnur fæða úr sjó.

MYND/LUCIE ABOLVIER

Stærstur hluti V-Evrópustofnsins er hér

Um 90 prósent melrakkastofnsins í Vestur-Evrópu eru á Íslandi. Á Íslandi lifa refir við sjávarsíðuna að mestu á sjófugli. Inni í landi lifa refir að mestu á nagdýrum og fugli af landrænum uppruna.

rannsaka hvort hárlausi geti stafað af kvikasilfursmengun. Við höfum hins vegar ekki fengið nógu marga slíka refi til þess að niðurstöðurnar verði marktækar.“

Hingað til hafa menn aðallega skoðað hvaða áhrif kvikasilfursmengun hefur á lífsafkomu sjófugla, að því er forstöðumaður Melrakkaseturs greinir frá.

„Áhugavert væri að skoða hvort kvikasilfursmengun hafi áhrif á eggjaskurn sjófuglanna og tímgunarárangur þeirra. Sjófuglar geta náð háum aldri og safnað upp kvikasilfri. Þess vegna er það umhugsunarefni hvort neysla á þeim geti líka verið hættuleg mönnum. Vitað er að sjávarspendýr safna líka í sig kvikasilfri.“

ibs@frettabladid.is

Ágreiningur ESB og Bandaríkjanna um erfðabreytt matvæli:

Torveldar fríverslunarsamning

BANDARÍKIN, AP Eitt erfiðasta ágreiningsmálið í viðræðum Evrópusambandsins og Bandaríkjanna um fríverslunarsamning lýtur að erfðabreyttum matvælum.

Evrópuríki standa fast á því að hafa strangar reglur um erfðabreytt matvæli en Bandaríkin vilja hafa sem færstar reglur um slíkt.

Engan veginn er hægt að útiloka að þessi ágreiningur geti orðið til þess að samningaviðræður sigli í strand og ekkert verði úr fríverslunarsamningnum.

Mikið af vörum, sem fram-

leiddar eru úr maís, sojabaunum, sykkurrófum og bómull í Bandaríkjunum, eru framleiddar úr erfðabreyttum jurtum. Slíkar vörur eru margar hverjar bannaðar í öllum 28 Evrópusambandsríkjunum, en afar algengar í Bandaríkjunum.

Þá eru gerðar strangar kröfur í Evrópusambandsríkjunum um að þau matvæli sem leyfð eru séu kyrfilega merkt innihaldi þau erfðabreytt efni í meira mæli en 0,9 prósent.



HITAMÁL Frá mótmælum gegn erfðabreyttum matvælum í Frakklandi.

NORDICPHOTOS/AFP

-gb



VERKIN STREYMA INN

ÞÚ HEFUR 3 DAGA TIL AÐ VERA MEÐ

Fjöldmargir listamenn hafa sent myndir af verkum af öllum gerðum á Götusýninguna 2013 – stærstu listsýningu landsins. Myndir af 500 verkum verða sýndar á götuskiltum höfuðborgarsvæðisins dagana 20.–27. ágúst. Öll innsend verk verða einnig aðgengileg á arionbanki.is.

Tilgangurinn er að draga fram sköpunarkraftinn í samfélaginu og leyfa almenningi að njóta listar um allt höfuðborgarsvæðið.

Það er einfalt að taka þátt: Þú finnur verk eftir þig eða gerir nýtt, tekur svo af því ljósmynd og sendir inn á arionbanki.is.

Opið fyrir þátttöku til miðnættis 9. ágúst.



BRAKIÐ DREIFÐIST VÍÐA Á þessari mynd má sjá hvernig brakið úr vélinni dreifðist um kappakstursbrautina. Lengst til vinstri á myndinni, við vesturenda brautarinnar, má sjá tvo hluta vélarinnar en lengst til hægri er svo enn einn hlutinn.

MYND/BENEDIKT

Ekkert gefið upp um orsök slyssins

Búist er við að rannsóknarnefnd samgönguslysa og lögregla rannsaki flugslysið á Akureyri næstu mánuði. Hætt var við landingu rétt fyrir slysið. Þökkum bara fyrir að einhver hafi lifað af, segir öryggisstjóri Mýflugs.

Gera má ráð fyrir að rannsóknin á flugslysinu á Akureyri í gær, þar sem tveir biðu bana og sá þriðji slasaðist, taki nokkra mánuði, að sögn Daníels Guðjónssonar, yfir-lögregluþjóns á Akureyri.

„Við rannsökuðum þetta slys í samvinnu við rannsóknarnefnd samgönguslysa og ég geri ráð fyrir því að rannsóknin standi yfir í einhverja mánuði,“ segir Daníel. Hann segir orsakir slyssins í rannsókn og ekki sé hægt að veita frekari upplýsingar að svo stöddu.

Fram kom í tilkynningu frá Mýflugi í gær að skömmu fyrir slysið hefði verið hætt við landingu á Akureyrarflugvelli og vélin hefði verið að fljúga hring um völinn fyrir annað aðflug þegar ákveðið hefði verið að reyna að nauðlenda á akstursþróttabraut Bílklúbbs Akureyrar við Hlíðarfjallsveg.

Svo virðist sem vélin hafi rekið vinstri vænginn í brautina á miklum hraða, hann hafi brotnað af og vélin þá kastast út af brautinni. Vél var gjörónýt eftir slysið og brak dreifðist um allt.

Tveir fulltrúar rannsóknarnefndar samgönguslysa voru komnir á staðinn síðdegis í gær og munu vinna að rannsókninni. Henni stýrir Þorkell Ágústsson.

„Flugslysasvið rannsóknarnefndarinnar er nú á vettvangi og er að vinna vettvangsrannsókn, það er í raun ekkert meir sem ég get sagt að svo stöddu,“ sagði Þorkell í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

„Við söfnum öllum upplýsingum sem finna má hér á vettvangi. Vettvangsrannsóknir geta tekið frá einum degi og upp í sjö. Í kjölfarið hefst frumrannsókn og svo er það hin eiginlega rannsókn sem getur tekið mun lengri tíma.“

Sigurður Bjarni Jónsson, flug-öryggisfulltrúi Mýflugs, segir að á



→ 30 ára gömul flugvél

Flugvélin sem fórst hét TF-MYX og var í eigu Mýflugs. Var hún skrásett hjá félaginu árið 2006 en flaug sitt fyrsta flug árið 1983. Af gerðinni Beechcraft B200 Super King Air. Sérútbúin sjúkraflyg-vél. Pláss fyrir fjóra í sætum og tvo á þörum.

þessu stigi væri óábyrgt af honum að vera með getgátur um orsök slyssins.

Vél var á leið aftur til Akureyrar úr sjúkraflygi, þar sem farið var með sjúkling á Landspítalann í Reykjavík. Mýflug fer í tæp fimm hundruð sjúkraflyg á ári, að sögn Sigurðar. Vélar félagsins eru yfirfarnar að minnsta kosti einu sinni á dag, að einhverju leyti. „Við þökkum bara fyrir að einhver hafi lifað þetta af,“ segir Sigurður Bjarni.

Hjá lögreglu og Sjúkrahúsinu á Akureyri fengust í gær ekki aðrar upplýsingar um líðan flugmannsins sem lifði slysið af en að hún væri eftir atvikum. Hann slasaðist þó ekki lífshættulega.

Fjöldi fólks var saman kominn við kappakstursbrautina til að fylgjast með götuspyrnukeppni sem til stóð að hæfist hálf tíma eftir að slysið varð. Öllum þeim sem urðu vitni að slysinu var boðin áfallahjálpa á vegum Rauða krossins í Glerárkirkju. Um sjötíu manns þáðu hjálpa.

- le, sh



BRENNANDI FLAK Partar úr flugvélinni dreifðust víða um svæðið og urðu sumir alelda. Sjónarvottar segja mildi að fleiri hafi ekki slasað. Í bakgrunni má sjá viðbragðsaðila að störfum við flak vélarinnar

Flugvélarpörtum rigndi yfir svæðið

„Ég líft upp og sé flugvélinu koma og horfi á hana steypast ofan í malbikið. Hún kemur hægt og rólega yfir Bílklúbbs húsið og sleikir stúkuna nánast. Hún lendir með vinstri vænginn í malbikið og síðan eldspringur vélin,“ segir Axel Darri Þórhallsson, sem var staddur á slystað sem keppandi í götuspyrnu á vegum Bílklúbbs Akureyrar. „Maður vissi fyrst ekki hvað var að gerast. Ég hugsaði fyrst að það væri glannalegt að fljúga svona lágt.“ Hann segir sjónarvotta hafa verið eindregið hvatta til þess að fara í áfallahjálpa sem boðið var upp á. Það væri betra að tala um atvik og lýsa því en að byrgja það inni.

„Þetta var svo óraunverulegt. Ég stóð alveg grafkyrr og horfði á þetta gerast. Það var ekki fyrr en ég fann hitann frá sprengingunni að ég tók viðbragð og hljóp í burtu. Þá rigndi flugvélarpörtum, allt frá litlum boltum upp í hluti sem eru á stærð við bílhurðir.“ Hann segir það kraftaverk að stykki úr vélinni hafi ekki lent á fólk. Sjálfur stóð hann í pytti kvartmílubrautarinnar þegar slysið varð og hafnaði stél vélarinnar aðeins nokkrum metrum frá honum.

„Um leið og hlutum var hætt að rigna úr himninum hlupu menn að brakinu til að athuga hvort það væri eitthvað lífsmark inni í vélinni og reyndu að ná mönnum úr brakinu. Ívar vinur minn fer strax og sækir slökkvitæki sem hann tæmir úr yfir eldinn og hann slokknar nánast við það.“

„Ég skalf allur. Manni er bara kalt og með gæsaþús. Ég bjóst aldrei við því að verða vitni að flugslysi. Maður hélt að flugvélar spryngju bara í bíó,“ útskýrir Axel. „Mér leið eins og ég væri staddur í miðri stríðsmynd.“

- ne



„Pað var ekki fyrr en ég fann hitann frá sprengingunni að ég tók viðbragð og hljóp í burtu. Þá rigndi flugvélarpörtum.“

Axel Darri Þórhallsson
sjónarvottur

MIKILL SVARTUR REYKUR

„Ég heyrði einhverjar drunur,“ segir Hjalti Steinn Sigurðarson, sem var staddur í nærliggjandi húsi ásamt tengdamóður sinni þegar slysið varð. Í fyrstu töldu þau að um jarðskjálfta hefði verið að ræða. „En síðan fundum við brunalykt, fórum út og þar var rosalega mikill svartur reykur.“

„En síðan fundum við brunalykt, fórum út og þar var rosalega mikill svartur reykur.“

Hjalti Steinn Sigurðarson
sjónarvottur

HVARF BAK VIÐ TRÉN

„Ég var ekki það nálægt þegar flugvélin fór niður en ég sá í hana yfir trén. Hún flaug í norður og var lágt á lofti. Svo tók hún krappa beygju og hvarf bak við trén. Svo kom mikill hávaði og það birtist stórt svart ský bara nánast um leið,“ segir Margrét Jensína Þorvaldsdóttir, sem var á gangi við Dalbraut, í um kílómetra fjarlægð frá slystað.



„Hún flaug í norður og var lágt á lofti. Svo tók hún krappa beygju og hvarf bak við trén.“

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir
sjónarvottur



ALELDA Hluti vélarinnar varð alelda skömmu eftir brotlandinguna.

ÚTSALA Í BETRA BAKI!

25% afsláttur af Chiro Collection heilsudýnum



Chiro Deluxe dýna (aukahlutir á mynd botn og lappir)

Verðdæmi: 160x200 cm. Verð nú kr. 131.250 • 180x200 cm. Verð nú kr. 141.750

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenngi

Levanto hægindastólar

20% afsláttur



Verðdæmi

LEVANTO leður hægindastóll með skemli

Kr. 111.840
Fullt verð kr. 139.800

Fæst í svörtu, hvítu og rauðu leðri.

Einnig til í mörgum litum í áklæði.

Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-45% afsláttur



HOLLANDIA

stillanlegt að þínum þörfum!

Prime hægindastólar

25% afsláttur

Verðdæmi

PRIME

hægindastóll með skemli

Kr. 284.985
Fullt verð kr. 379.980

Til í kremlitu leðri með botni úr hnotu og svörtu leðri með svartlökkuðum botni.



Sængurver í sérflokki !

20% afsláttur




JOOP! elegánte bed linen fashion by Bruno Banani

Tempur® Original SMALL heilsukoddi!

50% afsláttur

Útsöluverð **kr. 8.950**

Verð kr. 17.900



Allir aðrir Tempur® heilsukoddar 25% afsláttur

Temprakon dúnsæng

30% afsláttur

140x200
kr. 33.162

Verð kr. 47.375



TEMPRAKON®

Vandaðar C&J heilsudýnur!

20% afsláttur

Verðdæmi

C&J Platinum heilsudýnur og -rúm

STÆRÐ	TILBOÐ DÝNA	TILBOÐ DÝNA OG NAN-BOTN
100x200	35.200	56.000
120x200	40.800	64.800

C&J Gold heilsudýna

STÆRÐ	TILBOÐ DÝNA	TILBOÐ DÝNA OG NAN-BOTN
100x200	44.000	64.800
120x200	51.200	75.200
160x200	66.400	97.600
180x200	72.800	106.400



Charlotte & Julien
Dream your world™

Frábært verð!

Svefnsofar margar gerðir

15%-35% afsláttur



Verðdæmi

SENSEO svefnsofi

Afsláttarverð **kr. 267.800**

Fullt verð kr. 412.000

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

www.betrabak.is

Leggur grunn að góðum degi

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



ENDURSKIPULAGNING Á GÖTUM REYKJAVÍKUR SETUR NÝJAN SVIP Á BORGINA



● BORGARTÚN

Meiri gróður, nýjar gangstéttir, nýir ljósastaurar, hjólastígar og miðeyjar í götu til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda eru meðal breytinga sem verið er að vinna að í Borgartúni í sumar. Framkvæmdin er varanleg og er áætlað að henni ljúki ekki fyrr en í vetur. Áætlaður heildarkostnaður við endurgerðina nemur 230 milljónum króna, en breytingin mun gjörbreyta útliti götunnar.



● HOFVALLAGATA

Hofsvallagata er nú orðin ansi litskrúðug, en þar er búið að þrengja götuna töluvert. Hjólastígar og eyjur til að aðskilja bílastæði skreyta nú götuna. Einnig á að koma fyrir strætisvagnaskýlum, blómakerrum og bekkjum. Tilgangurinn er að auka umferðaröryggi og aðstöðu fyrir gangandi vegfarendur og hjólreiðafólk. Gatan var af sumum talin allt of breið og þá aðallega fyrir börn að ganga yfir en öðrum þykja breytingarnar ekki upp á marga fiska og telja að verið sé að eyðileggja fallega og rótgróna götu Vesturbæjarins. Framkvæmdum á að ljúka í þessari viku.

Rótgrónum götum borgarinnar breytt

Gunnar V. Andrésson ljósmyndari Fréttablaðsins fór á stúfana og myndaði framkvæmdir við endurhönnun á rótgrónum götum Reykjavíkurborgar.

Mikið er um gatnaframkvæmdir hjá Reykjavíkurborg nú í sumar og er borgin meðal annars að breyta skipulagi á rótgrónum götum við misgóðar undirtektir.

Hofsvallagata er nú skreytt litríkum hjólum og eyjum, Snorrabraut orðin einbreið og götumynd Borgartúns er að verða gjörbreytt.

Stefán Agnar Finnsson, yfirverkfræðingur hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, segir framkvæmdirnar fyrst og fremst snúast um að auka umferðaröryggi og aðgengi fyrir hjólreiðamenn og gangandi vegfarendur.

- 1e



● SNORRABRAUT

Lokið hefur verið við endurskipulagningu á Snorrabraut, en þar er búið að þrengja brautina frá Bergþórugötu að Egilsgötu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi, en tvö banaslys hafa orðið á götunni, þar sem gangandi vegfarendur hafa látist, á síðustu tíu árum. Nú er umferð á einni akrein í báðar áttir, sem á að hægja á umferð og gera götuna borgarlegri. Um er að ræða tímabundna lausn, en stefnt er að frekari breytingu í náninni framtíð þegar aukið fjármagn gefst til framkvæmda.

HÚSGAGNAHÖLLIN – fyrir lifandi heimili

ÞAR SEM
HÖNNUN,
GÆÐI OG GOTT
VERÐ FARA
SAMAN!



AÐEINS
30.352
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

UMBRIA HORNSÓFI
2-HORN-2 – ÁKLÆÐI

349.990

FULLT VERÐ: 399.990

ÞÚ SPARAR
50.000
KRÓNUR

UMBRIA Hornsófi: B 265x265 H 78 cm.
Margar útfærslur fánlegar af Umbria sófum.
Faáalegir í mögum litum í áklæði og leðri.

AÐEINS
45.877
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

UMBRIA HORNSÓFI
2-HORN-2 – LEÐUR

519.990

FULLT VERÐ: 589.990

25%
AFSLÁTTUR



14.990

VERÐ: 19.990

HOT barstóll,
krómlappir.
Litir: svart og hvítt.

MELBOURNE
Svefnsofi
Stærð: 243x170
H:70 cm
Slitsterkt
áklæði. Litir:
Svargrár, grænn
og rauður.
Vinstri og hægri
tungu.



15%
AFSLÁTTUR

AÐEINS
14.827
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

MELBOURNE
SVEFNÓFI

169.990

FULLT VERÐ: 199.990



25%
AFSLÁTTUR



AÐEINS
2.752
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

SYLAN – ELDHÚSBORÐ

29.990

FULLT VERÐ: 39.990

SYLAN
eldhúsborð.
Svart hert gler
í borðplötu.
Stærð: 160 x
90 x H: 75 cm.

ERUM AÐ TAKA UPP
NÝJA OG FALLEGA
SMÁVÖRU FRÁ
POMAX
INTERSTIL
BLOOMINGVILLE
KÍKTU VIÐ HJÁ
OKKUR OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ



LÍF OG FJÖR Á husgagnahollin.is

og með vinum okkar á [facebook](https://www.facebook.com)

L A Z B O Y®



AÐEINS
8.789
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

EDEN

Lazboy. Rautt áklæði.
B:80 D:80 H:102 cm.

99.990

FULLT VERÐ: 119.990



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

A4 TAX FREE*

af skólatöskum og pennaveskjum

6.-11. ágúst



Pennaveski
Fyllt pennaveski, tvöföld

TAX FREE
2.389,-
~~2.999,-~~



EXPLORE


Pennaveski
í fjölmörgum tegundum.

TAX FREE
1.274,-
~~1.599,-~~




TAX FREE
557,-
~~699,-~~

Pennapoki
Úr rússkinni
Flatur eða kringlóttur



TAX FREE
1.991,-
~~2.499,-~~

Angry Birds



TAX FREE
11.944,-
~~14.990,-~~

www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

OPIÐ ALLA
DAGA TIL
KL. 22 Í A4
SKEIFUNNI



EXPLORE Skólatöskur

- Léttar og sterkar töskur
- Liggja þétt að hryggnum og mjöðmunum
- Hlífa bakinu
- Tvær töskur í einni, áfestanleg íþróttataska í stíl fylgir
- Axlarólar breiðar og bólstraðar



OGIO
Fartölvupokar
Fyrir 17"



OGIO
Fartölvupokar
Fyrir 15"



EXPLORE
Skólatöskur
Fyrir strákana og stelpurnar



adidas
Bakpokar
Fyrir íþróttatýpurar

*Við munum að sjálfsögðu greiða alla skatta og skyldur. En við ætlum að selja skólatöskur og pennaveski með 20,32% afslætti sem er eins og að fá vaskinn endurgreiddan og miklu meira og einfaldara en Tax-Back í útlöndum.

A4

Bloodhound Gang í vanda: Migu á úkraínska fánann

FÓLK Yfirvöld í Úkraínu hafa hafið rannsókn á því þegar einn meðlima sveitarinnar Bloodhound Gang meig á úkraínska þjóðfánann á miðjum tónleikum. Skömmu síðar tók annar meðlimur sig til og tróð rússneska fánanum inn undir buxur sínar og varð það til þess að rússneskur þingmaður krafðist sakamálarannsóknar. Þá voru vegabréfsáritanir hljómsveitar meðlima afturkallaðar og þeim meinað að koma til Rússlands.

- bl

Múhameð sjötti, konungur Marokkó, náðaði spænka fanga að beiðni Spánarkonungs: Barnaníðingur handtekinn að nýju

MAROKKÓ Spænskur barnaníðingur er hlaut náðun að beiðni Jóhanns Karls Spánarkonungs var handtekinn í Murcia á Spáni í gær. Maðurinn, Daniel Galvan Vina, hafði verið látinn laus úr fangelsi á Þriðjudag ásamt 48 öðrum Spánverjum sem setið höfðu í fangelsum í Marokkó.

Múhameð sjötti, konungur Marokkó, hafði náðað fangana að beiðni Spánarkonungs, sem hafði heimsótt landið í júlí. Mótmæli fóru fram fyrir utan þinghúsið í Rabat, höfuðborg Marokkó, á föstudag, en Vina var fundinn sekur árið 2011 fyrir að hafa niðst á ellefu börnum

og hlaut þrjátíu ára fangelsisdóm fyrir.

Marokkósk stjórnvöld segja náðunina mistök og að konungurinn hefði aldrei veitt hana hefði hann verið meðvitaður um þá glæpi sem Vina framdi. Í kjölfar mótmælanna var fangelsisstjóra landsins sagt upp störfum og náðunin dregin til baka.

Fyrr á þessu ári söfnuðust mörg þúsund manns saman í Casablanca í þeim tilgangi að mótmæla ofbeldi gegn börnum, en nokkrir erlendir ríkisborgarar hafa verið handteknir í Marokkó fyrir barnaníð á undanförunum mánuðum.



MÁLIN RÆDD Jóhann Karl Spánarkonungur heimsótti Múhameð sjöttu, konung Marokkó, í júlí. NORDICPHOTOS/AP



Í BERLÍN Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff ásamt Klaus Wowereit, borgarstjóra Berlínar. MYND/RUT SIGURDARDÓTTIR

Forsetahjónin viðstödd HM í hestaíþróttum:

Dorrit stal senunni

ÍPRÓTTIR Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og eiginkona hans, Dorrit Moussaieff, voru viðstödd opunarhátíð Heimsmeistaramóts íslenska hestsins í Berlín á laugardag. Keppnin stendur til 11. ágúst næstkomandi.

Liður í opunarhátíðinni var hópveið um miðborg Berlínar og í tilfinni þess hélt forsetinn ræðu við Brandenborgarhlíðið. Það var þó forsetafrúin sem þótti stela senunni, en hún hafði tekið þátt í hópveiðinni og teymdi að henni lokinni hestinn þangað sem ræðuhöldin fóru fram.

Alls taka 163 knapar þátt í heimsmeistaramóttinu að þessu sinni og mun söngvarinn Helgi Björnsson koma fram í tengslum við hátíðina á miðvikudag.

- sm

Horfur í neikvæðar:

Lánshæfismat TM veikist

VIÐSKIPTI Matsfyrirtækið Standard og Poor's hefur breytt horfum á matseinkunn Tryggingamiðstöðvarinnar úr stöðugum í neikvæðar. Matsfyrirtækið telur að meta beri horfur TM með sama hætti og íslenska ríkisins en fyrirtækið breytti einnig horfum ríkisins úr stöðugum í neikvæðar nýlega.

- le

Ræktað hamborgarakjöt:

Bragðaðist vel

VÍSINDI Fyrsti hamborgarinn sem búinn er til úr kjöti ræktaðu úr stofnfrumum var matreiddur í



MARK POST

gær. Hollenski vísindamaðurinn Mark Post fullyrðir að kjöt ræktað úr stofnfrumum sé margfalt sjálfbærari leið til að mæta aukinni eftirspurn en að rækta dýr til slátrunar. Efasemdarmenn telja þó að betra væri að stemma stígu við eftirspurninni með því að borða minna af kjöti. Það tók Post tíu ár að framleiða borgarann og rúmar 38 milljónir króna í rannsóknakostnað. Þeir sem brögðuðu á borgaranum sögðu lítinn mun á honum og hefðbundnum gæðaborgurum.

- bl

Greiðsla fyrir tæknifrjóvgun:

Samkynhneigð borgaði meira

SVÍPÍJÓÐ Samkynhneigð kona í Svíþjóð hefur stefnt yfirvöldum þar sem hún þurfti að greiða fimm sinnum meira en gagnkynhneigðar konur fyrir tæknifrjóvgun. Frá þessu er greint á vef Dagens Nyheter sem vitnar í Östgöta Correspondenten.

Stjórnmálamaðurinn Lasse Pettersson fagnar því að málið fari fyrir dómstól. Hann er þeirrar skoðunar að leggja eigi niður hærra gjaldið því um mismunum sé að ræða.

- ibs

Herskár mávur í fæðuleit:

Stal fölsku tönnunum

ENGLAND Mávurinn sem hin 92 ára gamla Renee A'Bear gaf brauðmola vildi meira og flaug í burtu með fölsku tennurnar hennar. Gamla konan hafði tekið út úr sér tennurnar áður en hún gæddi sér á köku og lagt þær á borð, að því er segir á vef Bexhill Observer.

Hún varð hins vegar örvæntingarfull þegar tennurnar hurfu. Mávinum þóttu þær ekki góður munnbiti og skildi þær eftir uppi á þaki. Starfsmaður dvalarheimilisins sótti tennurnar fyrir gömlu konuna.

- ibs

Gæti orðið fyrsti þeldökki þingmaðurinn

Karamba Diaby á góða möguleika á því að ná kjöri í komandi þingkosningum í Þýskalandi, 27 árum eftir að hann flutti þangað frá Senegal. Hann yrði þar með fyrsti blökkumaðurinn frá upphafi til að taka sæti á þingi í Þýskalandi.

ÞÝSKALAND, AP Þrátt fyrir að fimmtingur Þjóðverja, sem telja nú um 80 milljónir manna, sé innflytjendur eða afkomendur innflytjenda, hafa sárafáir hlotið brautargengi í stjórnmálum. Til dæmis eru einungis 81 nýbúi á framboðslistum flokkanna fyrir þingkosningarnar sem fara fram eftir tvo mánuði, sem nemur um fjórum prósentum af öllum framboðendum.

Þó er útlit fyrir ákveðin tímamót í þessum efnum þar sem Karamba Diaby, 51 árs gamall lyfjafræðingur sem fæddist í Senegal, er í baráttusæti fyrir Jafnaðarmannaflokkinn í Saxlandi-Anhalt. Hann gæti orðið fyrsti þeldökki þingmaðurinn í sögu Þýskalands.

Diaby hefur búið í Þýskalandi frá árinu 1986, þegar hann kom til landsins sem námsmaður, og öðlaðist ríkisborgararétt árið 2001. Hann hefur tekið þátt í bæjarstjórnamálum síðustu tvo áratugi, en lét svo undan þrýstingi um að bjóða sig fram til þings.

„Ég átti ekki frumkvæðið,“ segir Diaby af hógværd. „Það voru aðrir sem báðu mig um að bjóða mig fram.“

Þessi þrýstingur er talinn bera vott um að stjórnmálaflokkarnir séu að átta sig á pólitisku mikilvægi þess að tefla fram fulltrúum minnihlutahópa, sérstaklega í ljósi laga sem sett voru fyrir um áratug síðan og auðvelduðu innflytjendum að öðlast þýskt ríkisfang.

Nkechi Maduboko, fjölmiðlamaður og sérfræðingur í málefnum afrískra innflytjenda, segir stöðuna gjörbreytta.

„Þetta breytir öllu þar sem flokkarnir eru farnir að leggja sig eftir atkvæðum innflytjenda, í stað þess að beita þeim fyrir sig í neikvæðum áróðri. Það yrði því



Í FRAMBODI Karamba Diaby stefnir að því að verða fyrsti þeldökki fulltrúinn á þýska þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki sjálfkrafa innflytjendasérfræðingur

Hljóti Diaby brautargengi og setjist á þing hyggst hann beita sér sérstaklega í menntamálum og vill breyta þeirri tilhneigingu að innflytjendur á þingi séu sjálfkrafa álitnir sérfræðingar í málefnum innflytjenda.

„Mér finnst að allir ættu að láta sig varða málefni innflytjenda, ekki bara innflytjendur sjálfir,“ segir hann.

afar mikilvægt fyrir Þjóðverja af afrískum ættum ef Diaby nær kjöri.“

Ákvörðun Diabys er ekki síst áhugaverð vegna þess að í Saxlandi-Anholt og öðrum löndum í austurhluta Þýskalands, er andúð á innflytjendum algengari en í vesturhlutanum. Diaby segir margt til í því og segist meðal annars hafa mátt þola ofbeldi vegna húðlitar síns. Það muni þó hverfa með tímanum og frum-

kvæði hans og annarra verði vonandi til þess að hvetja aðra innflytjendur til þátttöku í stjórnmálum.

„En ég vill ekki leggja allt of mikla áherslu á að ég verði fyrsti þingmaðurinn sem fæddur er í Afríku,“ segir hann. „En ég veit að margir fylgjast með mér og ég vona að þau átti sig á því að ef ég næ kjöri verð ég bara einn af rúmlega 600 þingmönnum.“

thorgils@frettabladid.is

Hinsegin dagar eru hafnir í Reykjavík og mun hátíðin standa yfir í sex daga:

Reykjavík í regnbogalítum

REYKJAVÍK Hinsegin dagar í Reykjavík hófust í dag. Hátíðin hefur verið haldin árlega frá árinu 1999 og er hún tileinkuð hinsegin fólki á Íslandi.

Í ár stendur dagskrá Hinsegin daga yfir í sex daga og nær hátíðin hámarki með gleðigöngu og útihátíð við Arnarhól á laugardaginn næstkomandi þar sem landsmönnum öllum er boðið til gleðiveislu til þess að fagna margbreytileikanum og berjast fyrir réttindum og stöðu hinsegin fólks í samfélaginu.

Hinsegin dagar í Reykjavík hafa vaxið ört á skömmum tíma. Árið 1999 komu um 1.500 manns saman á Ingólfstorgi að lokinni gleðigöngu en undanfarin ár hafa

allt að 90.000 gestir komið saman í miðborg Reykjavíkur í tengslum við hátíðina.

Gunnlaugur Bragi Björnsson, einn af forsvarsmönnum hátíðarinnar, segir að hún hafi aldrei verið fjölbreyttari en nú. „Það verður sérstaklega mikið af menningartengdum viðburðum á vegum hátíðarinnar í ár og þar á meðal verða ljósmyndasýningar og bókmenntaviðburðir,“ segir Gunnlaugur og bætir við að hátíðin hafi aldrei verið stærri.


Á útihátíðinni á Arnarhóli verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá, en á meðal hljómsveita sem stíga á svið eru FM Belfast og Dúkkulísurnar.

- le



HINSEGIN HÁTÍÐ Í REYKJAVÍK Forsvarsmenn segja sérstaklega mikið af menningarviðburðum í ár.

esprit.com



PARTNERSHIP STORE
OPNAR 8 ÁGÚST Í SMÁRALIND

Hinsegin dagar hefjast í dag og lýkur á sunnudag:

Sigur Hinsegin daga í Reykjavík

Víð vorum ekki mörg sem mættum í Hinsegin göngu, Gay Pride, fyrir um 20 árum. Hommar og lesbíur hlupu þá niður Laugaveg með kröfuspjöld – þau vildu fá að njóta sömu réttinda og aðrir í íslensku samfélagi en sú krafa átti ekki hljómgrunn á Laugavegi þá. Flestir gangandi vegfarendur snéru sér að búðargluggum og létu sem þeir sæju ekki bræður sína og systur. Íslensku samfélagi fannst flest annað mikilvægara en að verða við kröfum hinsegin fólks.

Sem betur fer breyttist þetta fljótt og tæpum 10 árum síðar mættu 8 þúsund manns í Hinsegin göngu. 2002 náði fjöldinn 30 þúsund og á laugardag mun þátttakendum í gleðigöngu Hinsegin daga líða eins og allir landsmenn séu mættir. Það er samt ótrúlegt að hugsa til þess hvað það er stutt síðan nær enginn hafði áhuga á gleðigöngu samkynhneigðra. Einnig er með ólíkindum að hugsa til þess hversu langan tíma það tók okkur sem samfélag að virða grundvallarmannréttindi hinsegin fólks.

Samkynhneigðir og gagnkynhneigðir Íslendingar sátu ekki við sama borð hvað varðar samræðisaldur fyrr en árið 1992. Fram að því hafði fólk verið mismunandi vegna kynhneigðar og það þótt ekkert tiltökumál. Lög um staðfesta samvist voru ekki samþykkt fyrr en 1996 og samkynhneigð þör máttu ekki ættleiða fram til ársins 2006. Já, kæri lesandi, árið 2006! Reyndar höfðu þeim verið leyfðar stjúpættlæðingar árið 2000 en prestar og forstöðufólk trúfélaga máttu ekki gifta homma og lesbíur fyrr en árið 2010. Það er fyrir þremur árum.

Í raun er óskiljanlegt að saga umburðarlyndis og sjálfsagðra mannréttinda handa samkynhneigðum sé jafn ung og raun ber vitni. Þau börn sem alast upp í dag munu eiga erfitt með að trúa því hvernig við komum fram við samkynhneigða. Í dag er það nefnilega þannig að hvert einasta leikskólabarn á Íslandi veit að sumt fólk er hinsegin og að það er sjálfsagt að hjón séu af sama kyni. Þegar þetta unga fólk verður fullorðið nálgumst við fullnaðarsigur gegn fordómum.

Stundum berast okkur fréttir úr sértrúarsöfnuðum hér á landi sem enn ala á fordómum gegn samkynhneigðum. Við megum aldrei þreystast á því að segja slíkar fréttir og fólk á að svara slíkri umræðu og reyna að uppræta fáfræðina og fordómama. Einnig er erfitt að heyra skelfileg tíðindi frá löndum eins og Rússlandi, en þar á fólk enn langt í land. Ástandið á Vesturlöndum er svolítið einstakt og meira að segja í Bandaríkjunum er óhætt að leyfa sér smá bjartsýni þessi misserin þegar kemur að réttindum samkynhneigðra. Hér á landi þurfum við helst að vara okkur á gleyskunni því það má ekki fenna yfir það hversu forpokuð og fávís við vorum á Íslandi fyrir svo skömmu síðan. Við megum vera stolt af hugarfarsbreytingu okkar og eigum að vera það. Það hefur náðst frábær árangur hér á litlu eyjunni okkar en við megum aldrei gleyma því hversu lengi hinsegin fólki var mismunandi hér á landi. Aldrei.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vanhugsaðar ákvarðanir

Brynjar Níelsson gagnrýndi embætti sérstaks saksóknara á bloggvef sínum á dögunum, sem varð til þess að flokksbróðir hans, Björn Bjarnason fyrrverandi dómsmálaráðherra, setti ofan í við hann. Í nýrri blogg færslu dregur Brynjur eilítið í land. Hann byrjar á að lýsa Birni sem einum af „bestu ráðherrum sem við höfum átt“ og segir að þeir séu fullkomlega sammála um að stjórnmalamenn eigi ekki að hafa afskipti af einstökum ákvörðunum ákærvalds. „Annars sneri gagnrýni mín fyrst og fremst um vanhugsaðar ákvarðanir stjórnmalamanna við stofnun embættisins. Sú hugmynd að stofna sérstakt embætti til að rannsaka hrun

bankanna sem sakamál samræmist illa meginreglum um sakamálarannsóknir,“ bætir hann við.

Stofnandinn

Það er ekki víst að þessi pistill verði til þess að friða Björn mikið. Það var jú hann sjálfur sem mælti fyrir frumvarpinu um stofnun embættis sérstaks saksóknara í nóvember 2008. Og það var líka hann sem hafði samband við Ólaf Pór Hauksson til að hvetja hann til að sækja um starfið í annarri atrennu, eftir að enginn hafði fengist til verksins í fyrstu tilraun.



Friðunin

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, er orðinn langþreyttur á því að skemmdarvargar vinni tjón á þinghúsinu. Það er skiljanlegt. Rúður hafa verið brotnar, matvælum og fleiru kastað í það með reglulegu millibili undanfarið ár, og síðast í gær lagði vanstilltur maður eld að hurð aðalinngangsins. Helgi sagðist í fréttum Stöðvar 2 í gær vilja verja húsið betur – kannski ekki girða það af en þó „friða“ eitthvert „svæði“ í kringum húsið til að fyrirbyggja að svona nokkuð geti endurtekið sig, svo mikið hefðu þrífir kostað. Hversu stórt svæði ætli þurfi að friða svo að eggjakastið drífi ekki alla leið?

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Gleðilega hátíð!

SAMFÉLAG



Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi

Hinsegin dagar hefjast í dag. Hápunktur þeirra verður gleðigangan á laugardag. Þá fögnum við því að fólk er svona, hinsegin og þannig, allskonar, þessháttar, einstakt og meiriháttar. Þá fögnum við líka viðhorfsbreytingu í samfélaginu og sjálf-sögðum mannréttindum samkynhneigðs, tvíkynhneigðs og transgender fólks.

Breytingarnar áttu sér ekki stað í gamla daga og þær komu ekki af sjálfsu sér. Þvert á móti hafa þær verið að eiga sér stað á undanförunum mánuðum, miss-erum, árum og áratugum. Heiðurinn af breytingunum á að fara óskiptur til þess hugrakka og sterka fólks sem gegnum tíðina hefur verið það sjálft, talað upphátt, staðið á sínu og hvert með öðru. Fólkíð sem þoldi mótlæti og óþverraskap í daglegu lífi, bæði frá ókunnugum og nákomnum, fyrir það eitt að vera það sjálft. Fólkíð sem upplýsti og sannfærði samfélagið um mikilvægi sjálfsagðra mannréttinda.

Um leið og við Íslendingar megum vera stolt og glöð yfir okkar fjölbreytta samfélagi verðum við að halda áfram. Við verðum að vinna í þeim úreltu viðhorfum sem enn fyrirfinnast í menningunni okkar. Við verðum að brjóta upp staðalmyndir um hefðbundin kynhlutverk, um áhugamál stelpna og stráka, um útlit, kynhegðun og allt hitt sem við ýmist eigum

→ Í stað þess að eltast við úr sér gengnar staðalmyndir um hvítar gagnkynhneigðar vísitölufjölskyldur sem hámark hamingjunnar skulum við gleðjast yfir fjölbreytileikanum.

eða eigum ekki að tileinka okkur til að falla í hópinn.

Hinsegin dagar eiga að vera okkur hvatning til að breyta alla hina daga ársins. Reykjavíkurborg getur lagt enn ríkari áherslu á að efla sjálfstæði og gagnrýna hugsun hjá börnum og unglíngum, hún getur lagt ríkari áherslu á jöfn tækifæri sem vinnuveitandi og hún getur tryggt forðomalaus og góða þjónustu við alla borgarbúa. Þannig á það að vera og sem borgarfulltrúi heiti ég að beita mér fyrir því.

Í stað þess að eltast við úr sér gengnar staðalmyndir um hvítar gagnkynhneigðar vísitölufjölskyldur sem hámark hamingjunnar skulum við gleðjast yfir fjölbreytileikanum. Takmarkið hlýtur að vera hamingja, sátt og samlyndi, að fólk megi vera eins og það vill og með þeim sem það vill – að það virði og skilji þarfir og mörk hvers annars og njóti þess að vera til.

Að tikka rétt

HEILSA

Teitur Guðmundsson læknir



Við höfum heyrt um og jafnvel orðið vitni að því þegar ungt fólk er bráðkvatt í blóma lífsins, mögulega fyrir framan mörg þúsund manns á íþróttaleikvangi í fótboltaeik eins og dæmi eru um. Þá eru fjöldamörg tilvik um skyndidauða hjá ungu fólki í öðrum íþróttagreinum sem og utan íþróttanna.

Þetta eru fyrirvaralausir atburðir alla jafna og líkurnar á að lifa slíkt af byggja á því að einhver sé nálægur og geti brugðist við á réttan hátt. Orsök fyrir slíkum hörmulegum atburðum er oft á tíðum hjartsláttaröregla, en afar mikilvægt er að hjartað slái í réttum takti og viðhaldi þannig dælugetu sinni. Ýmsar ástæður geta legið til grundvallar slíku og það er munur á einstaklingum eftir aldri.

Hjá þeim eldri er líklegasta orsökinni fyrir skyndidauða undirbyggjandi hjartasjúkdómur og bráð kransæðastífla þar sem blóðflæði til hjartans raskast skyndilega. Þegar slíkt gerist getur hjartað ekki starfað eðlilega, fer á yfirsnúning og hættir að dæla blóði til líkamans. Það köllum við sleglatif og er ígildi hjartastopps.

Þó eru mjög mörg atriði sem þarf að hafa í huga sem geta valdið hjartsláttartruflunum en þar á meðal eru veggþrengingar í hjartanu, ör í hjartavegg eins og eftir fyrri hjartaáfall, háir blóðþrýstingur, sykursýki, skjaldkirtilssjúkdómur, áfengis- og vímuefnanotkun, koffeindrykkir, streita, lyf og svo auðvitað ýmis fæðubótarefni.

Ekki allar truflanir hættulegar

Ekki eru allar takttruflanir hættulegar og þá er afar mismunandi hversu mikið einstaklingurinn finnur fyrir þeim. Þær geta komið fram á nóttunni þegar viðkomandi sefur, undir álagi í íþróttum en einnig í hvíld uppi í sófa. Almennt er þeim skipt í flokka sem eru annars vegar skilgreindir út frá því hvar í hjartanu þær eiga sér stað, hraða þeirra og því hvort þær eru reglulegar eða óreglulegar, viðvarandi eða tilfallandi.

Yfirleitt er ekki hægt að greina nákvæmlega hvers eðlis truflanirnar eru nema með því að taka hjartalínurit og getur verið talsverður höfuðverkur að ná því, þar sem ekki þarf að vera nein regla á því

Ekki eru allar takttruflanir hættulegar og þá er afar mismunandi hversu mikið einstaklingurinn finnur fyrir þeim. Þær geta komið fram á nóttunni þegar viðkomandi sefur, undir álagi í íþróttum en einnig í hvíld uppi sófa.

hvenær takttruflanir koma fram og geta jafnvel liðið margir mánuðir eða ár á milli atburða. Sumir, þá sérstaklega eldri einstaklingar, greinast fyrir tilviljun með breytingar á hjartslætti sem jafnvel eru viðvarandi en þeir taka ekkert eftir. Slíkt getur í sumum tilvikum leitt til hjartabilunar og/eða heilaáfalla.

Eins og dæmin sanna getur það þó verið lífsbjargandi að finna þær truflanir sem eru alvarlegar og er skynsamlegt að leita lækis ef einstaklingurinn finnur fyrir slíku. Jafnvel þótt þær séu ekki til staðar við komu þangað getur sagan og lýsing einkenna gefið vísbendingar um það hver næstu skref ættu að vera.

Margbrotin meðferð

Vísindaheimurinn er enn að reyna að verða sammála um það hvenær sé skynsamlegt að taka hjartalínurit í hraustum einkennalausum einstaklingum, samanber íþróttamenn, og sitt sýnist hverjum. Ljóst er þó að til þess að greina einstaklinginn rétt þarf í grunninn hjartalínurit í hvíld, stundum undir álagi og mjög oft með sírita til að geta séð truflunina.

Oftsinnis þarf að bæta við þessar rannsóknir ómskoðun og annarri myndgreiningu og jafnvel gera hjartaþræðingu auk þess sem gerðar eru blóðrannsóknir. Hjá þeim sem greinast og þurfa meðferð getur hún verið býsna margbrotin og allt frá lyfjum sem halda hjartsláttartruflunum í skefjum yfir í það að rafvenda hjartanu í réttan takt.

Ýmsar aðgerðir eru til sem eiga að tryggja réttan gang hjartans eða stoppa óreglu fari hún af stað með litlum eða engum fyrirvara. Þar er átt við brennslu á leiðnibrautum, ísetningu gangráðs og/ eða bjargráðs yfir í stórar hjartaáðgerðir allt eftir því á hvaða grunni vandi viðkomandi einstaklings er.

Vertu því meðvitaður um hjartað þitt og láttu fylgjast með þér reglubundið til að tryggja það að þú tikkir rétt!

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar og möguleiki á árangri

Í nýafstöðnum kosningum kynntu stjórnmalaflokkarnir fjölmörg áhersluatriði sem áttu að leiða þjóðina áfram til umbóta. Nú þegar ný ríkisstjórn hefur kynnt stefnuyfirlýsingu sína liggja ákveðin áherslumál fyrir og fólk er farið að bretta upp ermar fyrir næsta áfanga. Undarlegt er að þrátt fyrir skýran vilja til eflingar hefur lítið farið fyrir umræðum um stjórnun og rekstur í ríkisumhverfi, sem margir telja lykil að öllum árangri í ríkisrekstri.

STJÓRN MÁL



Ágúst Kristján Steinarsson stjórnunarráðgjafi

Þetta er sérstaklega dregið hér fram þar sem allflestum er fullljóst að margt sem snýr að stjórnun í ríkisumhverfinu er bundið við takmarkanir tengdar lagasetningum, fjárfstýringu og faglegum forgangi ráðandi sérfræðinga, ráðherra og alþingismanna. Þessar takmarkanir hafa jafnan áhrif á venjur og menningu hvers ráðuneytis og stofnunar og gera möguleika stjórnenda og starfsmanna til umbóta og framþróunar erfiða.

Ljóst er að vilji til umbóta er mikill í ríkisumhverfinu en þegar takmarkanir eru á hverju strái er stóraukin hætt á að framþróun sé hæð, eða jafnvel engin.

Áhrif núverandi umhverfis eru víðtæk og geta aukið líkur á því að ákvarðanir stjórnenda og starfsmanna verði litáðar af ráðandi umhverfi, verði skammsýnar, byggðar á röng-

um forsendum og leiði hugsanlega til sóunar á fjármagni og tíma. Hér á eftir er stiklað á stóru um helstu áhrifaþætti sem mikilvægt er fyrir nýskipaða ráðherra og alþingismenn að beina sjónum sínum að, vilji þeir í raun stuðla að árangri.

Árangur og skilvirkni

Uppsagnarákvæði starfsmannalaga ríkisstarfs- manna geta stuðlað að því að einstaklingar hreiðri um sig, langi þá það, enda nánast æviráðnir. Þá er hætt á því, meðvitað eða ómeðvitað, að starfsmenn eigi auðveldara með að temja sér takmörkuð störf og sjá jafnvel ekki að þeir séu meira til ama en gagns.

Fjárlög ríkisins eru ákveðin ár fyrir ár og verða jafnvel ekki skýr fyrr en frekar seint. Ósjálf- rátt eykur það líkur á að ákvarðanir séu teknar til skamms tíma og teknar seint. Sífelldur niður- skurður, ár eftir ár, meðvitað í sárin og getur haft afgerandi áhrif á ákvarðanatöku stjórnenda í langan tíma.

Rík áhersla á faglega hæfni stjórnenda, sem vissulega er mikilvæg, getur haft þau áhrif að mikilvægi stjórnunarlegrar hæfni sé ekki jafn ríkt. Þannig er vaxandi hætt á því að grundvallarstyrkleikar á sviði leiðtoga-, samskipta- og rekstrarhæfni njóti ekki sama vægis – og séu jafnvel ekki til staðar.

→ Uppsagnarákvæði starfsmannalaga ríkisstarfs- manna geta stuðlað að því að einstaklingar hreiðri um sig, langi þá það, enda nánast æviráðnir.

Ráðuneytin bera gríðarlega ábyrgð. Bent hefur verið á að þau séu í sílóm, að þau séu einangruð hvert frá öðru þar sem samstarf og samráð er ekki eins gott og ætla mátti. Undir þau heyrna um annað hundrað stofnanir og tugir þúsunda ríkisstarfs- manna og hafa þessi síló jafnvel birst milli stofnana og deilda innan þeirra.

Einhvern tímang þarf að breyta þessu, og ég spyr – af hverju ekki núna? Nýskipað Alþingi getur endurskoðað starfsmannalög og fjárlög með árangur og framþróun að leiðarljósi. Ríkisstjórnin getur í meira mæli hugað meðvitað að rekstri í áherslum sínum. Stjórnarráðið getur horft inn á við og hámarkað sig sem vinnustað sem hefur áhrif á starfsemi ráðuneyta og stofnana.

Þannig gætu stjórnendur fengið þær breytingar í umhverfinu sem þarf til að árangur og skilvirkni verði sjálfsagður hluti í tilveru ríkisumhverfisins og árangur í ríkisrekstri ná nýjum hæðum.

ÓTRÚLEGI ÚTSÖLUMARKAÐURINN Í LAUGARDALSHÖLLINN

VERÐ FRÁ

99

KR.

TÓNLIST LEIKFÖNG

OG DVD

15%

AUKAFLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR FYRIR MEIRA EN 20.000 KR.

10%

AUKAFLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR FYRIR MEIRA EN 10.000 KR.

NÝTT!

SKÓLAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI!

Í FULLUM GANGI!

OPÍÐ 11 - 19 ALLA DAGA · RÚMLEGA 35.000 VÖRUR · NÝ TILBOD DAGLEGA

AF NETINU

Stokkar og steinar

Þýðir ekki trúfrelsi að fólk er frjálst að trú á það sem það kærir sig um? Stokka og steina, Guð og Jesús, Allah, Múhammed, Búdda, Óðin eða eitt-hvað allt annað eða alls ekki neitt? Þýðir ekki trúfrelsi að fólk er frjálst að upplýsa aðra um trú sína eða trúleysi eða láta það vera? Byggist þetta ekki á því að ríki, félög og einstaklingar stíli sig vel um að nýta trú eða trúleysi til að mismuna fólki og kúga og þröngva trú eða trúleysi upp á það? Á þetta ekki að vera nákvæmlega eins með kynhneigðina? Kemur einhverjum það virkilega við hvort aðrir hneigist fremur að öðru kyninu en hinu eða að þeim báðum eða hvorugu, svo framarlega sem fólk lætur það vera að mismuna öðrum vegna kynhneigðar, beita þá ofbeldi eða kúgun eða þröngva kynhneigð sinni upp á þá?

blog.pressan.is/arnimuli

Arni Múli Jónasson

Leyndarmál

Þegar ég kom til Íslands í sumar líkti ég sölu á grænmeti og ávöxtum á Íslandi við skipulagða glæpastarfsemi. Ég er nefnilega vön að kaupa gulrætur á 181 kr/kg í Glasgow og tvær melónur saman á sem svarar 544 kr. (tilboð sem hefur verið í gildi í matvörubúinni næst okkur þessa 18 mánuði sem ég hef búið þar.) Ég fann þessar vörur ekki á svipuðu verði í Reykjavík. Stuttu síðar birtust fréttir af því að á Íslandi væri innkauparkarfan ódýrust á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað. Nú veit ég ekki hvað var í þessari ódýru innkaupakörfu en mig langar að vita það. Mjólkin er sennilega á lægra verði en dýrasta mjólkurfæran í Danmörku en íslenska mjólkin er nú samt dýrari en sú ódýrasta sem ég keypti meðan ég bjó í Danmörku.

blog.pressan.is/evahauks

Eva Hauksdóttir

VILD
er snilld

ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á www.stod2.is/vild

Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND



50% afsláttur af fjölskyldukortum Skemmtigarðsins. Þú borgar 3.000 kr. en færð 6.000 kr. inneign.

1011



10% afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Mannúð og matvæli

Íslensk matvælaframleiðsla fær um 15 milljarða króna virði árlega í formi markaðsverndar og annað eins í beina styrki á fjárlögum, samtals um 30 milljarða. Ef samkeppnisverndin yrði felld niður og opnað á tollfrjálsan innflutning matvæla myndi það auka ráðstöfunartekjur meðalheimilis um 30-50 þúsund kr. á mánuði sem tugþúsundir heimila myndi muna verulega um.

Peir sem vilja vernda landbúnaðinn og styrkja beita ýmsum hæpnum fullyrðingum. Sumir segja að Evrópusambandið og flest lönd loki líka á erlenda samkeppni við sinn landbúnað og styrki hann beint. Einnig að Nýja-Sjáland, Japan og fleiri eyríki banni innflutning á hráu kjöti til að vernda viðkvæma einangraða bústofna sína eins og Ísland gerir. En þetta er ekki rétt.

Innan Evrópusambandsins er opinn markaður fyrir matvæli. Lönd sambandsins eru fjölmenn og aðstæður til landbúnaðar góðar, sem stuðlar að virkri samkeppni, fjölbreyttu matvælaframboði og lágu verði. ESB er líka stærsti innflytjandi matvæla á heimsvísu. Sambandið hjálpar þróunarlöndum að selja vörur sínar inn á ESB-svæðið með því að veita þeim forgang að markaðinum og leiðbeina þeim.

Árlega er matvara að verðmæti um 10.000 milljarðar (60 milljarðar evra) flutt inn á ESB-svæðið frá þróunarlöndum, sem er meira en BNA, Japan, Kanada, Ástralía og Nýja-Sjáland gera til samans. Opinberir styrkir ESB til land-

LANDBÚNAÐUR



Guðjón Sigurbjartsson
viðskiptafræðingur og bóndasonur

búnaðar eru aðeins um 1% af opinberum útgjöldum aðildarlandanna. Hér á landi er stuðningurinn um 3% af heildar opinberum útgjöldum, eða þrefalt meiri. Svo eru styrkir ESB aðallega tengdir landnotkun og valda þannig minna tjóni en okkar framleiðslutengdu styrkir sem stýra framleiðslunni í óhagkvæmar áttir.

Varðandi innflutningsbann Nýja-Sjálands og Japans þá setja þessar fjölmennu eyríki stundum tímabundið bann á hrátt kjötmeti frá löndum þar sem komið hefur upp veirusýking en hafa að öllu jöfnu opið á innflutning.

Skelfilega ósanngjarnt

Lögbundin vernd og stuðningur heimila og skattgreiðenda við landbúnað hérlendis skerðir lífskjör okkar og það er skelfilega ósanngjarnt gagnvart illa settum heimilum og þeim erlendu matvælaframleiðendum sem fegnir vildu framleiða matvælin fyrir okkur með ódýrari hætti þar sem aðstæður henta betur til þess.

Við að fella niður samkeppnisvernd landbúnaðarins og opna fyrir innflutning fersks kjöts lækka útgjöld heimilanna sem fyrr segir um 15 milljarða króna á ári. Það verður vissulega samdráttur og fækkun starfa við matvælavinnslu, mestur í kjúklinga- og svínakjötsframleiðslu. Auðveldlega má bregðast við með hluta af þeim fjármunum sem sparast og tryggja að þeir sem missa vinnuna fái önnur og hagkvæmari störf.

Lægra verð til hins almenna notanda

Á venjulegu heimili eru mörg rafmagnstæki. Stundum eru mörg þeirra í gangi og stundum fá. Þannig sveiflast notkun okkar frá því að vera fáein wött og upp í mörg kílówött. Þegar mest á mæðir er kannski þurrkarinn í gangi (3,5 kW), steik í ofninum (2 kW), mörg ljós kveikt (1 kW) og alls konar minni tæki í gangi sem taka til sín kannski 1 kílówatt. Það gerir 7,5 kW. Ef notkunin væri svona allan sólarhringinn væri dýrt að vera til. Mánaðargjaldið væri yfir 50 þúsund krónur.

Þó að notkun okkar sé ekki alltaf svona mikil þarf rafveitan að byggja sitt kerfi, frá virkjun til heimtaugar, utan um hámarksnotkunina. Rafveitan þarf jafnframt að gera ráð fyrir að einstaka sinnum séu öll heimili á útpnu í einu. Þannig fæst svokallaður „toppur“ í notkun. „Toppurinn“ er það sem flest miðast við – líka verðið. Ef hægt er að lækka „toppinn“, með því að dreifa rafmagnsnotkuninni meira, þá er líka hægt að minnka virkjanirnar, minnka lónin, létta og fækka línun, minnka spennistöðvar og svo framvegis. Þannig lækkar kostnaður rafveitunnar.

Tækifæri til að leiðrétta

Til er önnur leið til að lækka verðið, en hún byggir á því að kaupa stöðugt af Landsvirkjun hæsta mögulega útreiknaða „topp“. Það er gert með því að fulltrúar neytenda mynda fyrirtæki sem kaupir inn rafmagn frá Landsvirkjun á t.d. 5-6 kr. hverja kílóvattstund. Ég nefni þessa tölu því þá borgum við Landsvirkjun meira en hún fær frá öðrum stórnotendum og getur þar af leiðandi farið að skila ríkissjóði (okkur) meiri arði.

ORKUMÁL



Guðlaugur Ingi Hauksson
áhugamaður um vistvæna orku

Ef um 100 þúsund heimili kæmu inn í þessa útreikninga væri miðað við fyrrnefndan „topp“ á venjulegu heimili nauðsynlegt að kaupa stöðugt um 750 MW (7,5 kW*100.000) af Landsvirkjun. Með þessu móti hækkar verð smám saman til stórnotenda, þar sem fólkíð í landinu myndar fyrirtækið sem kaupir mesta orku, sem í bili yrði á hærra verði en þau fyrirtæki sem kaupa orku á gjafverði, vegna undarlegheita í samningagerð fyrri ára. Verð til heimila hefur alltaf verið of hátt og núna kemur tækifæri til að leiðrétta það.

Alltaf meðan heimilin eru ekki að nota orku upp í topp er hægt að selja stóran hluta orkunnar um sæstreng inn á rafkerfið í Bretlandi. Hægt er að hægja á kolaverum í Bretlandi alltaf þegar rafmagn flæðir um sæstrenginn (sem er meira en 90% tímans). Þeir borga síðan skv. meili fyrir þá orku sem við getum sent þeim. Nú þegar eru þeir með vindmyllur sem gefa stundum mikið og stundum ekkert, svo auðvelt er fyrir þá að taka við sveiflukenndri orku frá okkur. Hér innanlands er ekki hátt verð fyrir sveiflukennda orku, þannig að það er tomt mál að tala um að nýta þessa orku frekar herna innanlands. Það sem gerir gæfumuninn fyrir Bretlandsmarkað er að þetta er græn orka eins og frá vindmyllunum. Miðað við að við greiðum 5-6 krónur til Landsvirkjunar fyrir hverja kílóvattstund verður þessi orka vel samkeppnishæf við vindmyllur, þótt um sæstreng fari.

Lægra verð

Bretar hafa skuldbundið sig til að fá 20% allrar raforku frá „grænum“ orkugjöfum árið 2020. Þörfin

→ Peir sem vilja vernda landbúnaðinn og styrkja beita ýmsum hæpnum fullyrðingum.

Verkefni eru óþrjótandi. Til ársins 2050 þarf matvælaframleiðsla á heimsvísu að tvöfaldaast til að fæða íbúafjöldann, sem þá verður um 9 milljarðar. Farsælast er að framleiða matvæli þar sem þau skortir og aðstæður eru góðar, svo sem í sólríkum, heitum löndum. Þar er þörfin líka mest fyrir framfarir og atvinnu. Við Íslendingar getum lagt okkar af mörkum með því að aðstoða þróunarlönd við að auka matvælaframleiðslu og opna á innflutning matvæla frá þeim. Við getum veitt þeim forgang að mörkuðum okkar og hálað þeim til við útflutninginn. Til þess getum við nýtt þekkingu, reynslu og starfskrafta bænda og fólks í úrvinnslugreinum.

Með til dæmis þremur milljörðum á ári af sparnaðinum mætti lyfta grettistaki og bæta líf tuga þúsunda hér heima og í þróunarlöndum. Fleiri verkefni bída þeirra sem nú starfa við ofverndaðan landbúnað okkar, ef fjármagn fæst til uppbyggingar, meðal annars við ferðaþjónustu víða um land.

Verum mannúðleg og skynsöm og bætum líf tuga þúsunda manna sem líða skort hér og annars staðar, þótt því fylgi tímabundin röskun fyrir nokkur hundruð hér heima.

→ Verð til heimila hefur alltaf verið of hátt og núna kemur tækifæri til að leiðrétta það.

er því fyrir hendi. Auðvelt ætti þannig að vera að fá fjármagn fyrir strengnum frá þeim. Fyrirtæki sem sæi um fjármögnun og rekstur strengsins myndi að öllum líkindum ekki taka meira en 3-4 krónur á kílóvattstund, en hugsanlega væri hægt að ná þeirri tölu niður í 2 krónur ef vextir eru lágir. Það sem ávinnst hjá okkur er lægra verð til hins almenna notanda á Íslandi. Síðan kemur sala á orku sem annars hefði bara runnið óbeisluð til sjávar og nýting á hverflum og kerfi sem nú þegar er gert fyrir þessa notkun. Samt þarf aðeins að bæta við svolitlu af virkjunum, því uppistöðulónin og heildarvatnsmagn er ekki nægilegt til að halda í við „toppinn“ allan ársins hring.

Hagnaður Landsvirkjunar af hverri kílóvattstund yrði 3-4 krónur (ef 2 krónur er kostnaðarverð) og þannig ef u.þ.b. 600 MW eru seld að jafnaði til Bretlands eru það um 5 terawattstundir (5 milljarðar kílóvattstunda). Þannig yrði hagnaður Landsvirkjunar 15-20 milljarðar á ári. Þetta kæmi síðan til þjóðarinnar, eignaða Landsvirkjunar, sem arður. Með 20 milljörðum á ári er hægt að gera margt. Til dæmis er hægt að lækka tekjuskatt á öllum um næstum helming, eða þá gera heilbrigðisþjónustuna aftur 5 stjörnu, eins og hún var herna einu sinni. Að auki við þetta mun rafmagnsreikningur hvers heimilis lækka um helming, ef þetta er skipulagt á þennan hátt.

BÍLAÞVOTTUR

&BÓN

Kynningarblað Þrif að innan sem utan, bón og viðhald.



Vistvæn og glæsileg bílaþvottastöð

Bílaþvottastöðin Splash er nýleg og vistvæn bílaþvottastöð við hliðina á Smáralind. Stöðin býður upp á úrval veitinga og frítt WiFi í húsinu auk úrvals góðra drykkja á meðan beðið er. Viðskiptavinir geta rölt yfir í Smáralind eða beðið í bílnum á meðan hann er þrifinn.

Við erum með hraða þjónustu og hver bíll tekur aðeins um tíu mínútur hjá okkur. Við getum tekið við sendibílum og bílum á allt að 46“ dekkjum eða 250 cm á hæð. Svo þarf ekki að panta tíma hjá okkur, bara mæta á svæðið,“ segir Vilhjálmur Einarsson, eigandi Splash.

„Bílarir keyra inn á færibandni sem er það eina sinnar tegundar á landinu. Við byrjum á því að tjöruhreinsa bíllinn með öflugum tjöruhreinsi. Því næst fer bíllinn í gegnum háprýstipvott. Eftir það er sápu sprautað á bíllinn og hann handþvegin með svömpum. Sápan er skoluð af og bóni sprautað yfir bíllinn. Eftir það er eimuðu vatni sprautað yfir bíllinn sem hjálpar til með þurrkun. Svo á sumrin bætum við sérstökum fluguúða sem fjarlægir flugur af bílum fljótt og örugglega. Þá er komið að því að bíllinn fer í gegnum þurrklásara og loks er bíllinn handþurrkaður með mjúkum klútum og þurrkað úr hurðarfólsum og skotti,“ segir hann.

Hjá Splash er einnig í boði að

láta þrifa bíllinn að innan. „Þá eru rúðurnar þrifnar að innan, mælaborðið þrifið og bíllinn ryksugaður. Við erum líka með sérstaka mottuþvottavél sem mottunum er skellt í og þaðan koma þær hreinar og þurrar, hvort sem það eru gúmmíeða teppamottur. Sé valið að þrifa bíllinn að innan og utan er meðal biðtími um klukkustund og geta viðskiptavinir okkar annaðhvort beðið í setustofunni hjá okkur eða skroppið yfir í Smáralindina, sem er í göngufæri. Viðskiptavinurinn fær svo sent SMS-skeyti þegar bíllinn er tilbúinn.“

Í setustofu Splash eru alltaf nýjustu tímaritin og einnig er frítt WiFi í húsinu, þannig að fólk getur vafráð á netinu inni í bílnum eða á biðstofunni á meðan bíllinn er þrifinn.

Viðskiptavinurinn greiðir fyrir þriffin í bílalúgu þannig að í raun er óþarfi að stíga út úr bílnum. „Við afgreiðum kaffi, café latte, espresso og cappuccino í gegnum lúguna sem fólk getur drukkið í bílnum á meðan það bíður, einnig gos og fleira,“ segir Vilhjálmur.

OPNUNARTÍMI

Opið mán.-fös. kl. 9-18
Á laugardögum kl. 10-18

VERÐLISTI

Fólksbílar að utan	2.990 kr.
Fólksbílar að utan og innan	5.990 kr.
Jepplingar og stærri bílar	3.490 kr.
Jepplingar og stærri, innan og utan	6.990 kr.

Splash er vistvæn bílaþvottastöð þar sem allt frárennsli frá stöðinni fer í gegnum olíu- og sandskilju áður en það fer í frárenniskerfið. „Það er miklu umhverfisvænna að koma með bíllinn til okkar en að þrifa hann heima þar sem öll efni, sápa og tjöruhreinsir fara beint ofan í frárennslid og út í umhverfið. Við höfum svo getað þrifið aftanívagna, svo sem fellihýsi, tjaldvagna og golfbíla. En verðið á svoleiðis þjónustu er alltaf metið á staðnum.“



Bræðurnir Vilhjálmur og Eyjólfur Einarsynir opnuðu fyrir rúmu ári glæsilega bílaþvottastöð þar sem áhersla er lögð á góða þjónustu og gott verð.

MYND/ANTON



Splash er til húsa að Hagasmára 2. Viðskiptavinir geta rölt yfir í Smáralind meðan þeir bíða eftir bílnum. Þegar bíllinn er klár eru þeir látnir vita með SMS-skilaboðum.

Vandvirknigaldurinn

Nauðsynlegt er að þrifa og bóna bíla reglulega til að varna upplitun á lakki og ryði. Jósef **Hjá Jobba** í Skeifunni 17 hefur þrjátíu ára reynslu af þvotti og bóni.

Hjá Jobba er elsta starfandi bónstöð landsins. Hana hefur Jósef Kristjánsson rekið í aldarfjórðung við góðan orðstír en sjálfur hefur hann starfað við bón og bílþvott í þrjá áratugi.

Hann er spurður út í galdurinn að baki góðum bílþvotti. „Galdurinn er þrjúþættur: Vandvirkni, vandvirkni og vandvirkni,“ svarar Jósef glaðlega en Hjá Jobba eru allir bílar handþvegnir. „Ekkert tæki hefur enn verið fundið upp sem leysir af hólmi hendur, tusku og auga,“ segir hann.

Jósef segir afar nauðsynlegt að þrifa og bóna bíla reglulega. „Allir nýir bílar sem hafa komið til landsins síðustu fimmtán ár eða svo eru með umhverfisvænt, eða svokallað vatnsþynnanlegt lakk sem er mun þynnra og harðara en olíuakryllakkið á gömlu bílunum. Það þýðir að auðveldlega brotnar upp úr lakkinu. Auk þess upplitast það hraðar vegna sólarljóss og tekur í sig lit af óhreinindum,“ segir Jósef. Hann tekur sem dæmi að nýlegir bílar séu farnir að ryðga á toppnum þar sem sólarljósið skín mest á. „Sterk sólin hitar lakkið, sem þýðir að þurrefnin í lakkinu smjúga út um smáar sprungurnar í lakkinu og bíllinn upplitast. Bónið hins vegar fyllir



Jósef og starfsmenn Hjá Jobba þrifa ekki aðeins bíla heldur einnig mótörhjól, hjólhýsi og allt þar á milli.

í sprungurnar og varnar þessu ferli,“ útskýrir Jósef.

Hann segir afar misjafnt hve oft þurfi að bóna bíla. Það fari mjög eftir almennu viðhaldi bílsins. „Bónhúðin endist lengur þegar bíllinn er þveginn oft.“

Hjá Jobba er boðið upp á fjölbreytta þjónustu. Þar má nefna þrif að innan og utan, bón, teflonbón, djúphreinsun teppa og sæta, tjörupvott, vélþvott, lakkmössun, ryksugun, blettun og lakkviðgerðir. Þá hefur Jobbi einnig

tekið að sér að þrifa laus teppi, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, reiðhjól, vélhjól, flutningabíla, rútur, vinnuvélar og báta. „Það eina sem ekki hefur komið hér inn á gólf er flugvél,“ segir hann og hlær.

Þanta þarf tíma á stöðinni en fólk getur valið milli þess að koma sjálft með bílinn og sækja hann eða látið sækja til sín bílinn og skila honum aftur.

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og verð má nálgast á vefsíðunni www.hjajobba.is

Til hvers að bóna bílinn?

Íslenskt veðurfar gerir það að verkum að nauðsynlegt er að huga vel að bónun bílsins. Góður og reglulegur bílþvottur hjálpar til en það er þó ekki nóg, bíleigendur þurfa líka að bóna kaggann reglulega. Skrykkjótt veðurfar, saltaðar götur, mengun, ryk, fuglaskítur, trjákvóða og drulla eru meðal þeirra þátta sem hafa áhrif á lakk bílsins og geta jafnvel skemmt það sé ekki brugðist við í tæka tíð.


Sé bíllinn bónaður reglulega hjálpar það til við að vernda lakk bílsins enda smýgur bónið inn í lakk bílsins og verndar það fyrir utanaðkomandi efnum. Það hjálpar einnig við að hindra skaðleg áhrif útfjólublárrar geislunar sólarinnar.

Gott bón hjálpar einnig til við að halda bílnum hreinum og kemur í veg fyrir að óhreinindi og ryk festist við lakkið þar sem vel bónað lakk er sleipt og erfiðara fyrir utanaðkomandi aðskotaefni að festast þar. Sé bíll aftur á móti ekki bónaður reglulega safnast meiri óhreinindi á lakkið sem erfiðara er að þrifa í burtu. Lakk bílsins endist auk þess miklu lengur sé hann bónaður reglulega auk þess sem það hindrar myndun ryðs. Svo má auðvitað ekki gleyma því að vel þrifinn og bónaður bíll er einfaldlega fallegri. Það er góð tilfinning að aka um göturnar á hreinum og vel bónuðum bíl.



Splass

- engin venjuleg bílþvottastöð



Opnunartíminn: mánudaga til föstudaga 9-18 • laugardaga 10-18
sími 567 1213 • www.splass.is

 fylgstu með okkur á facebook

Fyrir ofan Smáralind

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



DRAGGKEPPNI Í HÖRPU

Draggkeppni Íslands fer fram í Hörpu annað kvöld kl. 21. Drag er trúlega eitt elsta form leiklistar sem þekktist í heiminum. Í dag keppast konur og karlar um að verða kóngur og drottning Íslands ár hvert. Tveggja tíma skemmtun sem enginn vill missa af.

Boston
leður
Svart, Hvítt st. 35-48
Rautt st. 36-42
Blátt st. 36-47

praxis

... Þegar þú vilt þægindi

 <p>Verð: 12.900 kr.</p>	<p>Lissabon Dömusandalar m/ frönskum rennilás Efni: leður Litur: Hvítt, Rautt, Svart st. 36-42</p> <p>Verð: 9.990 kr.</p>
 <p>Verð: 16.900 kr.</p>	<p>Paris leður Svart, Hvítt, Blátt m/microfib og rúskinnsóla st. 36-42</p> <p>Verð: 12.900 kr.</p>
 <p>Verð: 9.500 kr.</p>	<p>Dömusandalar m/frönskum rennilás Efni: gervileður Litur: Grátt/Blátt, Svart/Grátt St. 36-42</p> <p>Verð: 7.900 kr.</p>

Bonito ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is
Opíð mán. – fös. kl. 11–18. Lokað laugardaga

VEGABRÉF Á NETINU

ÍSLYKILL Nýtt innskráningarkerfi frá Ísland.is kemur í staðinn fyrir lykilorð á lokaða vefi sem nota kerfið.

Íslykillinn er ný innskráningarleið inn á lokaða vefi. Rafræn skilríki verða áfram til staðar, en Íslykillinn er í boði sem annar valkostur í innskráningarkerfi Ísland.is, eftir því hvað þarf mikið öryggi. „Ástæðan fyrir því er að við viljum bjóða upp á bestu mögulegu innskráningarleiðirnar á hverjum tíma,“ segir Halla Björg Baldursdóttir, forstöðumaður rafrænnar stjórnsýslu hjá Þjóðskrá Íslands. „Fólk hefur verið í vandræðum með rafrænu skilríkin, en þau verða áfram í boði. Íslykillinn er einfaldur í notkun. Hann er í raun bara kennitala og lykilorð. Við gerum þó kröfu um sterkt lykilorð, það verður að vera 10 stafir og blanda af bókstöfum, tölustöfum og táknum.“

INNSKRÁNINGARKERFI Ísland.is er milliliður milli einstaklinga og stofnana.



EITT LYKILORÐ

